



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2022/23

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og fundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA; fjarfundir; haldnir í Skeljanesi 8. mars 2022 kl. 18:00.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórmandi og TF3UA og TF3EIN varamenn.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður (endurkjörinn), TF3GZ og TF2LL (kjörmir til 2 ára), TF3GS og TF3PW (sitja síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN, varamenn (endurkjörnir).

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar:

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 7. fundar 2021/22 frá 18. janúar lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
- Fundarslit og fundarhlé.

Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar (eftir fundarhlé).

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2022/23.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

31.01.2022...*Erindi frá:* Arngrími Jóhannessyni TF5AD þar sem hann býður m.a. myndefni í CQ TF frá heimsókn sinni á Suðurskautslandið og Falklandseyjar.
 31.01.2022...*Erindi til:* Arngríms. Honum þakkaður pósturinn og að efni verði komið á framfæri við ritstjóra CQ TF m. tilliti til birtingar í næsta félagsblaði.
 10.02.2022...*Erindi frá:* Helge-Jörgen Lammers, DC3SHL þar sem hann segist langa til að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA fimmtudaginn 10. febrúar.
 10.02.2022...*Erindi til:* DC3SHL. Helge-Jörgen boðinn velkominn í heimasókn í Skeljanesi.
 15.02.2022...*Erindi frá:* Sigurði R. Jakobssyni TF3CW þar sem hann framsendir tölvupóst KØBJ sem hyggst heimsækja landið 28.4.-5.5. n.k.
 16.02.2022...*Erindi frá:* Victolero Requilme. Hann segist búsettur hér á landi og spyr um söluaðila sem selja stuttbygginguviðtæki.
 16.02.2022...*Erindi til:* Victolero. Honum vísað á FAJ sem hafi söluumboð fyrir lcom merkið, þ.á.m. stuttbygginguviðtæki.
 17.02.2022...*Erindi frá:* Burce Frahm KØBJ þar sem hann lýsir áhuga á að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA á ferðalagi sínu til landsins 28.4.-5.5. n.k.
 17.02.2022...*Erindi til:* Bruce. Hann boðinn velkominn í heimsókn í Skeljanesi og upplýsingar veittar um að opið sé á fimmtudögum kl.20-22.
 21.02.2022...*Erindi frá:* Fannari Frey Jónssyni. Hann spyr um námskeið til amatörprófs á næstunni.
 21.02.2022...*Erindi til:* Fannars Freys. Honum bent á að fylgjast með á heimasíðu ÍRA; námskeið verði væntanlega í boði í byrjun marsmánaðar.
 23.02.2022...*Erindi frá:* Guðrínu Sæborgu Ólafsdóttur, 101 Reykjavík. Guðrún Sæborg óskar eftir skráningu á næsta námskeið ÍRA til amatörprófs.
 23.02.2022...*Erindi til:* Guðrúnar Sæborgar. Henni þökkúð skráning á námskeið og sagt að félagið muni hafa samband þegar dagsetningar liggja fyrir.
 26.02.2022...*Erindi frá:* Formanni NRRL þar sem hann reifar skoðanir norska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 26.02.2022...*Erindi frá:* Gunnari Guðlaugssyni, 201 Kópavogi. Óskar inngöngu í ÍRA.
 26.02.2022...*Erindi til:* Gunnars. Hann var boðinn velkominn í félagið og honum send venjuleg gögn á rafrænu formi.
 26.02.2022...*Erindi frá:* Ritara IARU vegna umsóknar The Sudan Amateur Radio Union (SARU) um aðild að IARU.
 27.02.2022...*Erindi frá:* Formanni SSA þar sem hann reifar skoðanir sænska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 27.02.2022...*Erindi frá:* Formanni ÍRA þar sem hann reifar skoðanir íslenska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 27.02.2022...*Erindi til:* Stjórn ÍRA til félagsmanna með vefslóð á ársskýrslu félagsins 2021/22.
 28.02.2022...*Erindi frá:* Formanni SRAL þar sem hann reifar skoðanir finnska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 28.02.2022...*Erindi frá:* Formanni EDR þar sem hann reifar skoðanir danska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 28.02.2022...*Erindi frá:* Varaforseta IARU þar sem hann kynnir yfirlýsingu alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, um Úkraínumálið.
 02.23.2022...*Erindi frá:* Robert Prorok SQ9FMU. Hann sendir dreifipóst á öll aðildarfélög IARU þar sem hann lýsir ósætti sínu með yfirlýsingu alheimssamtakanna.
 Janúar 2022...*Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:* 20., 22., 25., 26., 28., 29., 30. og 31.1.
 Febrúar 2022...*Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:* 3., 7., 13., 16., 18., 21., 23., 24., 25., 27. og 28.2.
 Mars 2022...*Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:* 3. og 5.3.

- Stjórn skiptir með sér verkum.
- Aðalfundur 2022: Fundargögn, kostnaður, drög að fundargerð aðalfundar lögð fram.
- Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.
- Námskeið til amatörprófs.
- Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.
- Páskaleikar 2022; 15.-17. apríl.
- Alþjóðadagur radióamatöra 2022; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
- CQ TF, útgáfuáætlun 2022/23. Tillaga ritnefndar lögð fram.
- Önnur mál.
 - Umsókn The Sudan Amateur Radio Union (SARU) um aðild að IARU.
 - Úkraínustríðið og málefni radióamatöra.
- Næsti fundur stjórnar.
- Fundarslit.

STJÓRNARSKIPTAFUNDUR.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fjarfundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF3GS, TF3PW, TF3GZ, TF2LL, TF3UA og TF1EIN. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

b. Fundargerð 7. fundar 2020/21 frá 18. janúar lögð fram.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Þar sem stjórnin situr áfram nánast óbreytt eru menn inni í málum. Samþykkt að vísa útafstandandi málum til nýrrar stjórnar.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Formaður, TF3JB þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi góð störf. Hann flutti Óskari Sverrissyni, TF3DC sérstakar þakkir fyrir átta ára setu í stjórn og sagðist um leið vilja bjóða Georg Magnússon, TF2LL velkominn til stjórnarstarfa. Óskar þakkaði kærlega fyrir samstarfið. Stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB, sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:15.

FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:15.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður fór yfir innkomin og útsend erindi á milli funda. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2022/23:

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður.

Georg Magnússon, TF2LL, varaformaður.

Guðmundur Sigurðsson TF3GS, ritari.

Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri.

Georg Kulp TF3GZ, meðstjórnandi.

Sæmundur Þorsteinsson TF3UA, varamaður.

Heimir Konráðsson TF1EIN, varamaður

5. Aðalfundur 2022: Fundargögn, kostnaður, drög að fundargerð.

Aðalfundur félagsins 2022 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 20. febrúar. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, sem fundarstjóri og fundarritari. Alls mætti 21 félagsmaður. Fundur var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:33. Félagsgjald var ákveðið kr. 7.000 fyrir starfsárið 2022. Gjaldið hafði verið 6.500 krónur um árabíl. Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu og

kaffiveitinga nam 20 þúsund krónum. TF3UA skýrði frá því að drög væru þegar komin að fundargerð aðalfundar. Gögn sem lögð voru fram í aðalfundarmöppu ásamt skriffærum:

- Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- Lög ÍRA; sérprentun.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2021/22 (189 bls. að stærð).
- Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2021.
- Listi yfir viðtakendur verðlauna og viðurkenninga ársins 2021.
- Nýtt ávarpsbréf til nýrra félagsmanna, 3. útg. 2022.
- Nýtt kynningarit um amatör radió og ÍRA, 1. útg. 2022.

Sjá nánari upplýsingar frá fundinum í 2. tbl. CQ TF 2022.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag og fundartími/staður stjórnarfunda.

TF3JB, formaður kynnti framlagða samantekt um verkefni á nýju starfsári. Hann sagði að þau væru einkum tvennskonar, þ.e. föst verkefni og ný – auk tilfallandi og ófyrirséðra verkefna, samanber eftirfarandi yfirlit.

REKSTUR FÉLAGSAÐSTÖÐU Í SKELJANESI.

- Undirbúningur og opnun og viðvera á fimmtudagskvöldum. Ennfremur innkaup og tiltekt á kaffi og meðlæti, undirbúningur á fundarsal, fjarskiptaherbergi og QSL herbergi, þ.m.t. þrif.
- Skeljanes utanhúss, snyrting á gróðri við inngang og yfirmálun á veggjakroti á bárujárnsgirðingu.
- Loftnet TF3IRA. Viðhald og uppsetning loftneta í eigu félagsins og þeirra sem bíða uppsetningar.
- Búnaður í fjarskiptaherbergi; fjarskiptaborð A, B og C; viðhald og uppfærsla.

VIRKJUN KALLMERKJA FÉLAGSINS: TF3IRA, TF3W, TF3HQ, TF3WARD, TF3YOTA.

- Virkjun TF3IRA í fjarskiptaviðburðum félagsins (sjá neðar).
- Virkjun TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl.
- Virkjun TF3HQ í IARU HF World Championship 9.-10. júlí.
- Virkjun TF3WARD 18. apríl.
- Virkjun TF3YOTA, m.a. í desembermánuði.
- Eftir Covid-19: Stefnt verði að fleirmenningsþátttaka frá félagsstöðinni.

FJARSKIPTAVIÐBURÐIR ÍRA 2022: TF1IRA, TF3IRA.

- Páskaleikarnir 15.-17. apríl.
- VHF/UHF leikarnir 8.-10. júlí.
- TF útileikarnir 30. júlí-1. ágúst.
- Vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst.
- Eftir Covid-19: Stefnt verði að fleirmenningsþátttöku í innanlandsviðburðum.

VOR- OG VETRARDAGSKRÁ OG VETTVANGSFERÐIR Á ÁRINU 2022.

- Vordagskrá í apríl-maí, þ.m.t. flóamarkaður í lok maímánaðar.
- Vetrardagskrá í október-desember.
- Vettvangsferð í fjarskiptastöð bandaríska flotans í Grindavík.
- Vettvangsferð í Borgarfjörð.

AFMÆLISBOÐ VEGNA 75 ÁRA AFMÆLIS ÍRA.

- Afmælisboð fyrir félagsmenn og gesti verði haldið sunnudaginn 14. ágúst 2022 í Skeljanesi.

TÖLVUPÓSTFANG, HEIMASÍÐA OG FB SÍÐUR.

- Dagleg umsjón með tölvupóstfangi félagsins, ira@ira.is
- Umsjón með uppfærslu opnarsíðu www.ira.is, fréttir & tilkynningar þ.m.t. innsetning á FB síður.
- Uppfærsla á undirsiðum í samvinnu við nefndir félagsins og embættismenn.

ÚTGÁFUMÁL.

- CQ TF, undirbúningur og útgáfa; 4. tölublöð á starfsárinu 2022/23.
- Kynningarefni, þ.m.t. gerð myndbands fyrir YouTube.

NÁMSKEIÐ.

- Námskeið til amatörprófs í mars-maí.
- Samvinna stjórnar, prófnefndar og umsjónarmanns námskeiða við undirbúning og rekstur.
- Undirbúningur námsefnis
- Aðkoma stjórnarmanna við rekstur meðan á verkefninu stendur, til aðstoðar við umsjónarmann.

STJÓRNVÖLD.

- Samskipti við Fjarskiptastofu.
- Uppfærsla reglugerðar.

ERLEND SAMSKIPTI STJÓRNAR OG EMBÆTTISMANNA.

- NRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við einstök landsfélög radióamatörfélaga.
- Ennfremur erlend samskipti embættismanna í nafni félagsins.

ÖNNUR VERKEFNI.

- Endurskoðun embættismannakerfis.
- Innifalið í verkefninu er gerð starfslýsinga embætta.

Fundarmenn tóku vel í framlagða samantekt. Sérstök samþykkt var gerð um að stefna að því að halda upp á 75 ára afmæli félagsins 14. ágúst í sumar. Undir dagskrárliðnum var einnig samþykkt að stjórnarfundir fari fram á starfsárinu á fimmtudögum kl. 18:00 í Skeljanesi.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs

Farið yfir stöðu á undirbúningi á námskeiði félagsins sem miðar vel. Stefnt er að því að hefja námskeiðið 28. mars í HR. Þegar hafa borist fyrirspurnir frá áhugasömum nemendum.

8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.

Farði yfir drög að starfsáætlun næsta árs. Margt spennandi framundan, málið verður rætt betur á næsta fundi.

9. Páskaleikar 2022; 15.-17. apríl

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður páskaleikana er tilbúinn með skráningarkerfið fyrir leikana. Stjórn hvetur félaga til að taka þátt.

10. Alþjóðadagur radióamatöra 2022; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.

TF3WARD verður rekin frá fjarskiptaaðstöðu félagsins í Skeljanesi. Ræða á við Fjarskiptastofu um möguleika þess að virkja TF3WARD frá heimastöð félagsmanna sem hafa áhuga fyrir slíku.

11. CQ TF, útgáfuáætlun 2022/23. Tillaga ritnefndar lögð fram.

Formaður, TF3JB lagði fram tillögu ritnefndar að útgáfuáætlun CQ TF á nýju starfsári, 2022/23. Áætlunin gerir ráð fyrir fjórum tölublöðum sem komi út á eftirfarandi dagsetningum:

- 2. tbl. 2022; sunnudag 3. apríl.
- 3. tbl. 2022; sunnudag 3. júlí.
- 4. tbl. 2022; sunnudag 2. október.
- 1. tbl. 2023; sunnudag 29. janúar (2023).

Miðað er við að hvert blað verði af stærðinni 40-48 blaðsíður (óbreytt frá síðasta starfsári). Miðað er við að prentuð verði 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið (óbreytt frá síðasta starfsári). Loks er miðað er við að birta áfram styrktarlínu Vodafone á bls. 2 eins og birt var í fyrsta sinn í 1. tbl. 2022. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

a. *Umsókn The Sudan Amateur Radio Union (SARU) um aðild að IARU.* Samþykkt.

b. *Úkraínustríðið og málefni radióamatöra.* Stjórn ÍRA harmar að leyfishöfum í Úkraínu sé óheimilt að stunda áhugamál sitt.

Formaður, TF3JB lagði fram minnisblað um innsetningu sem gerð var á heimasíðu og FB síður **24. febrúar 2022** undir fyrirsögninni: „Leyfi radióamatöra afturkölluð í Úkraínu“.

„Stjórnvöld í Úkraínu hafa afturkallað öll leyfi til radióamatöra frá og með miðnætti 24. febrúar vegna stríðsátakanna í landinu. Ákvörðunin gildir í allt að 30 daga eða þar til nánar verður ákveðið. Stjórn ÍRA“.

Formaður skýrði jafnframt frá umræðum sem áttu sér stað innan IARU Svæðis 1 og NRAU um afstöðu gagnvart innrásaraðilanum og leyfishöfum þess lands, einkum dagana **26.-28. febrúar 2022**.

Nokkrar umræður hafi einnig farið fram á FB síðum hér á landi eftir innsetningu upplýsinga á heimasíðu og FB síður 24. febrúar þess efnis, að stjórnvöld í Úkraínu hafi afturkallað öll leyfi radióamatöra frá og með miðnætti þann dag vegna stríðsátakanna í landinu. Ákvörðunin gildir í allt að 30 daga eða þar til nánar verður ákveðið.

Umræðurnar sem vísað er til að ofan innan stjórnar Nordisk Radio Amatør Union (NRAU) hafa sumpart verið svipaðar. Undirritaður setti eftirfarandi texta í nafni ÍRA 27. febrúar 2022 inn í umræðurnar. Samráð var haft við Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengilið félagsins.

Dear all,

On behalf of ÍRA, it is our current view that we will honour the non-political principle and not make any statement at this time.

We feel it is up to each member society if they want to cancel their contests under the current situation.

Although some societies seem to recommend restricting contacts with Russian radio amateurs, we agree with the IARU point of view this is up to the individual radio amateur.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB

President of Icelandic Radio Amateurs (ÍRA)

Eftirfarandi yfirlýsing alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, barst frá varaforseta IARU, Ole Garpestad, LA2RR fyrir hönd IARU **28. febrúar 2022**.

In response to recent world events, the International Amateur Radio Union has issued the following statement:

"IARU is an apolitical organization focused on promoting and defending amateur radio and the amateur radio services. The amateur radio service is about self-instruction in communications and friendship between people."

Texti er af FB síðu HF nefndar DARC **1. mars 2022**.

"Any radio amateur currently transmitting from Ukraine is risking his or her life. If you hear a Ukrainian station, do not broadcast its callsign, location or frequency — whether on the band, in a cluster or on social media. You may be putting lives at risk."

c. Prentun á gögnum fyrir stjórnarfund.
Prófa á að minka prentun á fundargögnum.

13. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 19. maí kl. 18:00 í Skeljanesi.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 18:45.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 19. maí 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerðir lagðar fram frá 8. mars; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2022/23.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

10.03.2022...Erindi til: Fjarskiptastofu; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.

10.03.2022...Erindi til: Fjarskiptastofu; ósk um að próf til amatörleyfis verði haldið laugardaginn 20. maí í Háskólanum í Reykjavík.

10.03.2022...Erindi frá: Gjaldkera IARU Svæðis 1; fyrirspurn um fjölda félagsmanna árið 2021 v/undirbúnings reiknings v/félagsgjalds ÍRA í IARU Sv. 1 2022.

11.03.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu; staðfesting á prófdegi og prófstað samkvæmt ósk félagsins.

15.03.2022...Erindi til: IARU; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.

15.03.2022...Erindi til: IARU Svæðis 1; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.

15.03.2022...Erindi til: NRAU; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.

15.03.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu; áhyggjur LHG varðandi endurvarpann á 1297 MHz í Bláfjöllum; þeir eru hræddir við að þetta geti valdið vandræðum. Er á nákvæmlega sömu tíðni og radar notar og sjónlína á milli þar að auki. Spyrja hvort ekki sé hægt að vera með á öðrum stað þar sem ekki er sjónlína við radar.

15.03.2022...Erindi til: Fjarskiptastofu; ÍRA mun sjá til þess að endurvarpinn verði ekki lengur í notkun á þessum stað. Einnig að borið verði undir stofnunina fyrirhugað nýtt staðarval áður en að tækioð verði sett upp á ný.

20.03.2022...Erindi frá: IARU Svæði 1; frestur til skráningar á milliráðstefnu svæðisins í Friedrichshafen 23.-26. júní 2022 framlendur til 31. mars.

23.03.2022...Erindi frá: IARU Svæði 1; skýrsla um ráðstefnu R1 2001 hefur verið birt: <https://www.iaru-r1.org/about-us/how-iaru-works/regional-conferences/>

05.04.2022...Erindi frá: IARU Svæði 1; reikningur vegna árgjalds svæðis 1 2022 (fjárhæð: €214.26); reikningur framsendur til TF3PW, gjaldkera.

20.04.2022...Erindi frá: IARU Svæði 1; kynning á vefslóð á ráðstefnugögn milliráðstefnu svæðisins 2022; nefndir: HF (C4); VHF/UHF/SHF (C5) og EMC (C7).

08.05.2022...Erindi frá: Þakkarbréf frá HB9VQQ um að greinin hans um WSPRnet í 3. tbl. CQ TF 2021 hafi borið árangur, en TF3T býðst til að sinna verkefninu.

12.05.2022...Erindi frá: IARU Svæði 1; kynning á nýrri vefslóð á ráðstefnugögn milliráðstefnu svæðisins sem haldin verður í Friedrichshafen 23-25. júní n.k.

13.05.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu; tímabundin heimild um aukid afl á 50 MHz (6 metrum) í júní-september 2022.

Mars...Erindi frá: Formanni til stjórnar (á milli funda): 9., 10., 11., 13., 15., 20., 22., 23., 25., 27., 28., 29. og 31. mars.

Apríl...Erindi frá: Formanni til stjórnar (á milli funda): 2., 4., 5., 7., 8., 9., 11., 18. og 19. apríl.

4. Skipan embættismanna starfsárið 2022/23.
5. Skýrsla gjaldkera, m.a. um stöðu félagssjóðs og innheimtu 2022.
6. Námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst 28. mars; skýrsla umsýjónarmanns.
7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23; framhaldsumræða.
8. Fjarskiptaviðburðir í boði ÍRA á árinu 2022.
Páskaleikar 15.-17. apríl; VHF leikar 8.-10. júlí og TF útleikar 30. júlí - 1. ágúst.
9. CQ TF, 2. tbl. kom út 3. apríl á heimasíðu.
Kom úr prentun 12. apríl; var póstlagt 13. apríl og sent til Norðurlandafélaganna 27. apríl.
10. Flóamarkaður.
11. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.
12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.
TF3W í CQ WW WPX SSB keppninni 26.-27.3.; TF3IRA í páskaleikanum 15.-17.4. og TF3WARD QRV 18.4.
13. Framleiðsla borðfána og bílrúðumerkja með félagsmerkinu.
14. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.
15. Önnur mál.

a. Tilkynning um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 send til Fjarskiptastofu 10. mars.

b. Tilkynningar um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 sendar til IARU, IARU R1 og NRAU 15. mars.

c. Þrjár sendingar af radiódóti bærust félaginu 21., 22. og 23. mars frá NN.

d. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsgrindverkinu 1. apríl.

e. Bil í bárujárnsvegg (sem snýr að bílastæði) brúað 3. apríl.

f. Van flæddi í geymslu félagsins í kjallaranum í Skeljanesi 4. apríl.

g. Fárhagsstyrkur Eiðs Kristins Magnússonar, TF1EM til ungmennastarfs félagsins.

h. Lýsing komst í lag í Skeljanesi, innan- og utandyra 11. apríl.

i. Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 14. apríl.

j. Málað yfir trévegginn sem er á hægri hönd við innganginn í Skeljanesi 18. apríl.

k. Endanlega gengið frá 160 metra loftneti félagsstöðvarinnar á sumardaginn fyrsta, 21. apríl.

l. Síðasta sending af radiódóti frá dánarbiúi TF3GB barst félaginu 23. apríl.

m. Mælitækjagjöf barst félaginu 13. maí.

n. Endurímsetning TF3WZ á félagatali á heimasíðu 16. maí.

o. Orðsendingar formanns til stjórnar 2020-2022.

16. Næsti fundur stjórnar.

17. Fundarslit.

1. Fundarsetning og tillaga að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá 8. mars; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2022/23.

Báðar fundargerðir voru samþykktar samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skipan embættismanna starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB kynnti framlagða skýrslu um endurskoðun á embættismanakerfi félagsins. Farið var yfir lista embættismanna og samþykkt að framlengja óbreytta skipan þeirra 2022/23 í ljósi væntanlegrar endurskoðunar.

5. Skýrsla gjaldkera, m.a. um stöðu félagsjós og innheimtu 2022.

Staða félagsjóð er góð. Innheimta félagsgjalda ársins hefst á næstunni

6. Námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst 28. mars; skýrsla umsjónarmanns.

Námskeiðinu er lokið og hafa 14 skráð sig til prófs. Þar af eru 2 sem taka það utan Reykjavíkur. Stjórn þakkar Jóni Björnssyni, TF3PW sérstaklega fyrir vel unnin störf.

7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23; framhaldsumræða.

Farið yfir forsendur. Endanleg tillaga verður lögð fyrir næsta fund stjórnar til samþykktar.

8. Fjarskiptaviðburðir í boði ÍRA á árinu 2022.

Um er að ræða Páskaleika sem fram fóru 15.-17. apríl, VHF/UHF leika sem fram fara 1.-3. júlí n.k. og TF útileika sem fram fara 30. júlí til 1. ágúst. Samþykkt heimild til framleiðslu verðlaunagripa og verðlaunaskjala.

9. CQ TF, 2. tbl. kom út 3. apríl 2022 á heimasíðu.

Fyrsta félagsblað starfsársins (2. tbl. 2022) kom út á stafrænu formi á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 3. apríl. Blaðið er 44 bls. að stærð. Tölvupóstar voru sendir á félagsmenn með vefslóð á blaðið, auk þess sem tilkynning var sett á FB síður.

Blaðið kom úr prentun 12. apríl og var póstlagt til Fjarskiptastofu, heiðursfélaga o.fl. sama dag. Rafræn útgáfa var síðan sent til systurfélaganna á Norðurlöndum 27. apríl.

10. Flóamarkaður.

Samþykkt að efnt verði til flóamarkaðar félagsins sunnudaginn 12. júní.

11. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.

Samþykkt að setja að nýju í gang vetrardagskrá félagsins í október n.k. Um er að ræða uppfærða dagskrá sem gangsett var 13. febrúar 2022 en þurfti að fella niður þremur vikum síðar vegna Covid-19 faraldursins.

Athugað verður hvaða viðburði, erindi o.fl., verður hægt að bjóða aftur sem voru á áætlun í dagskránni 2020 og fella þurfti niður vegna faraldursins. Miðað er við að nýrri vetrardagskrá 2022 ljúki með viðhafnarkaffi/jólakaffi ÍRA þann 15. desember.

12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

Á tímabilinu 8. mars til 19. maí var félagsstöðin virkjuð undir þremur kallmerkjum, TF3IRA, TF3W og TF3WARD.

TF3W var virkjuð í CQ WW WPX SSB keppninni 2022 sem fram fór 26.-27.3.; TF3IRA var QRV í páskaleikunum 15.-17.4. og TF3WARD var QRV á alþjóðadegi radióamatöra, 18. apríl.

TF3W var QRV 27. mars (sunnudag) í CQ WW WPX SSB keppninni; aðallega til að „vera með“ í keppninni, enda voru ekki höfð mörg QSO; 20 talsins. TF3JB var á hljóðnema.

TF3IRA var QRV 6. apríl (laugardag) frá kl. 10 f.h. til kl. 16 síðdegis. Á þessum tíma var haft 41 samband á 144 MHz (FM og SSB), 433 MHz (FM og SSB) 50 MHz (SSB), 70 MHz (SSB) og 3.6 MHz (SSB og CW). TF3JB var á hljóðnema og lykli. Opið hús var auglýst á heimasíðu og FB síðum á sama tíma í félagsaðstöðunni og mættu 12 félagar og 2 gestir í Skeljanes og þáðu kaffi og veitingar.

Kallmerkið TF3WARD (*World Amateur Radio Day*) var QRV í þriðja skipti frá félagsaðstöðunni 18. apríl – annan í páskum. Alls var haft 301 samband á SSB á 3.6 og 14 MHz; þ.á.m. voru sambönd við TF stöðvar. TF3JB var á hljóðnema.

13. Framleiðsla borðfána og bílrúðumerkja með félagsmerkinu.

Samþykkt að framleiða borðfána og bílrúðumerki með félagsmerkinu. Athugað verði með framleiðslu á félagsmerkinu til álímingar [utaná] í sömu stærð er það er ekki of dýrt.

14. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.

Formaður, TF3JB hafði framsögu og kynnti m.a. áhuga nokkurra félagsmanna um að geta notað búnað félagsins til DX fjarskipta yfir netið. Samþykkt að skoða hvernig önnur landsfélög gera þetta.

15. Önnur mál.

a. *Tilkynning um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 send til Fjarskiptastofu 10. mars.*
Málið kynnt.

b. *Tilk. um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 sendar til IARU, IARU R1 og NRAU 15. mars.*
Málið kynnt.

c. *Þrjár sendingar af radiódóti bærust félaginu 21., 22. og 23. mars frá NN.*
Umtalsvert magn af radiódóti. Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi fyrir velvild í garð félagsins.

d. *Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsgrindverkinu 1. apríl.*
Stjórn þakkar TF3JB fyrir vel unnið verk.

e. *Bil í bárujárnsvegg (sem snýr að bílastæði) brúað 3. apríl.*
Stjórn þakkar TF3GZ fyrir vel unnið verk.

f. *Vatn flæddi í geymslu félagsins í kjallaranum í Skeljanesi 4. apríl.*
Formaður, TF3JB skýrði frá atvikinu; en ekki urðu miklar skemmdir á eigum félagsins í geymslunni.

g. *Fjárhagsstyrkur Eiðs Kristins Magnússonar, TF1EM til ungmennastarfs félagsins.*
Stjórn ÍRA þakkar 22 þúsund króna fjárhagsstyrk og góðan hug til ungmennastarfsins.

h. *Lýsing komst í lag í Skeljanesi, innan- og utandyra 11. apríl.*
Formaður, TF3JB skýrði frá viðgerð á vegum borgarinnar á lýsingu í ganginum niðri í Skeljanesi, auk þess sem gert var við útiljósastæði.

i. *Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 14. apríl.*
Stjórnarmenn lýstu yfir velþóknun.

j. *Málað yfir trévegginn sem er á hægri hönd við innganginn í Skeljanesi 18. apríl.*
Stjórn þakkar TF3JB fyrir vel unnið verk.

k. Endanlega gengið frá 160m loftneti félagsstöðvarinnar á sumardaginn fyrsta, 21. apríl.
Stjórn þakkar TF3GZ fyrir vel unnið verk.

l. Síðasta sending af radiódóti frá dánarbúi TF3GB barst félaginu 23. apríl.
Stjórn þakkar TF3AO fyrir að færa dótið í Skeljanes.

m. Mælitækjagjöf barst félaginu frá NN 13. maí.
Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi fyrir velvild í garð félagsins.

n. Endurinnsetning vefstjóra á félagatali á heimasíðu 16 maí
Stjórn þakkar TF3WZ fyrir dýrmæta aðstoð. Ennfremur þakkir til TF3VS fyrir aðstoð við frekari lagfæringar á félagatalinu.

o. Orðsendingar formanns til stjórnar 2020-2022.
Formaður, TF3JB gat þess, að „Bréf formanns/orðsendingar til stjórnar“ frá 22.3.2020 til 19.4.2023 væru alls orðnar alls 279.

Hann nefndi, að þegar liðið hafi á marsmánuð 2020 hafi orðið ljóst, að Covid-19 faraldurinn væri kominn til að vera, a.m.k. um einhvern tíma. Sú nýjung hafi þá verið tekin upp þegar faraldurinn ágerðist – og stjórnarmenn áttu þess ekki lengur kost að hittast í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum – að formaður tók upp aukið samráð við stjórnarmenn.

Farvegur fyrir aukið/virkt samráð fólst í þeirri nýbreytni, að formaður sendi tölvupóst (orðsendingu) til stjórnarmanna á milli stjórnarfunda – eftir því sem málefni kölluðu eftir til að halda mönnum upplýstum. Orðsendingarnar voru síðan prentaðar út og afhentar í möppu með fundargögnum á næsta stjórnarfund. Formið var ein A4 blaðsíða í hvert skipti.

Á starfsárinu 2020/21 (22.3.2020-25.2.2021) voru þannig alls sendar 104 orðsendingar, á starfsárinu 2021/22 (25.3-20.2.2022) alls 145 og það sem af er starfsárinu 2022/23, alls 30.

Síðasta orðsendingin var send til stjórnarmanna 19. apríl 2022 og komst formaður þannig að orði: „Þar sem við virðumst nú lausir við faraldurinn er mál að þessum sendingum frá mér til ykkar linni og verður þetta því síðasta orðsendingin af þessu tagi og taka nú við hefðbundin samskipti um málefni félagsins“.

Stjórnarmenn þökkðu fyrir sendingarnar og lögðu að formanni að halda verkefninu áfram sæi hann möguleika á því. Formaður þakkaði góð orð og ætlar að skoða málið.

p. Hreinsun á brotajárni sem safnast hefur saman í portinu bak við Skeljanes.
Georg Magnússon, TF2LL ætlar að hreinsa til í brotajárni í portinu bak við Skeljanes. Síðustu ár (fyrir Covid-19) auglýsti félagið nokkrum sinnum að félagsmenn gætu fengið járnstangir o.þ.h. sem hafði safnast að félaginu, sérstaklega á tímabilinu 2009-2013. Fáir höfðu áhuga. Georg reiknar með að gera tvær ferðir og sækja slatta í hvort skipti. Stjórn þakkar TF2LL gott frumkvæði.

q. Stuðningur við rekstraraðila viðtækja yfir netið.
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS spurði um hugsanlegan fjárstuðning úr félagssjóði ÍRA til eigenda og rekstraraðila KiwiSDR viðtækja yfir netið [og annarra viðtækja yfir netið].

Hann nefndi m.a., að not félagsmanna af þessum búnaði væru orðin útbeidd og að menn væru farnir að reiða sig á tilveru viðtækjanna. Nokkrir félagsmenn hafi fjárfest í þessum viðtækjum og sett upp og komið fyrir á eigin kostnað. Fastur rekstrarkostnaður væri netáskrift og spurning hvort ÍRA væri til í að standa straum af slíkum kostnaði. Í því felist viðurkenning til þessara aðila, auk þess sem það mundi létta af þeim mánaðarlegum áskriftargjöldum. Aðkoma félagsins væri til þess fallin að vera hvati til þessara félaga okkar að sinna þessu mikilvæga verkefni áfram. Samþykkt að íhuga málið fram að næsta fundi. Formaður, TF3JB benti á

umfjöllun um viðtækin í 13. kafla í ársskýrslu ÍRA (bls. 133) sem lögð var fram á aðalfundi 2022. Vefslóð: <http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/02/Arsskyrsla-2022.pdf>

16. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði haldinn fimmtudaginn 7. júlí kl. 18:00 í Skjalanesi.

17. Fundarslit.

Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði

Guðmundur Sigurðsson / TF3GS

Ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 10. ágúst 2022 kl. 18:00.

Mættir: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Gestir: TF3KX og TF3JON.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 2. fundi 19. maí s.l.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

10.06.2022...Erindi frá: Andrésí, TF1AM þar sem hann tilkynnir að þau Vala Dröfn, TF3DV muni standa fyrir JOTA virkni á Úlfjótavatni 14.-16. október n.k.
10.06.2022...Erindi til: TF1AM þar sem þeim Völu er óskað góðs árangurs að virkja TF1JAM í Jaboree-On-The-Air viðburðinum í október.
12.06.2022...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; upplýsingar úr skýrslu formanns sem verður flutt á formannafundi svæðisins í Friedrichshafen 25. júní.
14.06.2022...Erindi til: Eids Kristins, TF1EM með sérstöku þakklæti stjórnar ÍRA fyrir styrk að fjárhæð kr. 22.000 sem renni til ungmennastarfs félagsins.
18.06.2022...Erindi frá: Herbert, OE3KJN vegna heimsóknar hans til landsins 5.-12. ágúst; spyr um hvort í lagi sé að taka með sér Yaesu FT-100 HF stöð.
18.06.2022...Erindi til: OE3KJN þar sem erindinu er svarað og hann boðinn velkominn í Skeljanes ef hann hefur tíma.
20.06.2022...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1; upplýsingar um að hægt verði að fylgjast með erindum á formannafundi svæðisins í Friedrichshafen 25. júní.
23.06.2022...Erindi til: WARC, World Amateur Radio Contesting Association; röðun leyfshafa í alþjóðl. keppnum 2021/22; vefslóð: <https://warca.org/21-22>
25.06.2022...Erindi frá: Ritara IARU svæðis 1; tilkynning um fjaraðgang að umræðum á formannafundi undir dagskrárlögunum "Shaping the Future"
29.06.2022...Erindi frá: Olaf, DO1OP þar sem hann óskar upplýsinga um að setja QRP stöð í loftið frá TF; þau hjón eru væntanleg til TF í ágústmánuði.
29.06.2022...Erindi til: DO1OP þar sem leitast var við að svara spurningum m.a. um helstu áfangastaði og QRP búnað sem huggst taka með sér hingað til lands.
05.07.2022...Erindi frá: ZS4BS ritara SARL; erindi í tilefni 75 ára afmælis SARL.
17.07.2022...Erindi til: Csaba, HA6PX [hjá MRASZ]. Vekur athygli á YOTA keppnunum og að ÍRA kynni þær (næsta keppi er 23. júlí; „Round-2“).
17.07.2022...Erindi til: HA6PX þar sem skýrt er frá því að ÍRA muni skýra frá keppninni á heimasíðu og FB síðu félagsins.
18.07.2022...Erindi til: Fjarskiptastofu með ósk um tímabundna heimild fyrir leyfshafa til að mega nota allt að 100W á 60M bandi í útileikumum 2022.
18.07.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu þar sem umbeðin heimild er veitt.
20.07.2022...Erindi frá: Rick, W1HZ þar sem hann skýrir frá því að þau hjón muni ekki ná að heimsækja ÍRA að þessu sinni í ágúst n.k.
20.07.2022...Erindi til: W1HZ þar sem honum er þakkað fyrir upplýsingamar og þeim hjönum óskað góðrar ferðar um Ísland.
23.07.2022...Erindi til: Ólvis Styrss, TF3WZ vefstjóra ÍRA vegna vandræða með að ræsa heimsíðu félagsins.
24.07.2022...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; tilkynning þess efnis að umsókn SARU (landsfélag radióamatöra í Súdan) hafi verið formlega samþykkt.
29.07.2022...Erindi frá: Jack, G8DX sem huggur á heimsókn til Íslands í nóvember. Spyr um gistingu og opnunartíma félagsins í Skeljanesi.
29.07.2022...Erindi til: G8DX, erindinu svarað og hann og XYL boðin velkominn í heimsókn í félagsstöðuna.
29.07.2022...Erindi frá: Jack, WA6CR; fyrirhugar heimsókn til TF 2023; er íslenskur ríkisborgari og hefur áhuga á að taka amatörpróf og fá íslenskt kallmerki.
29.07.2022...Erindi til: WA6CR. Hann boðinn velkominn til landsins næsta sumar. Boðið að hafa samband eftir þegar hann veit dagsetningar.
02.08.2022...Erindi frá: Rob, VE3RXH; kemur til landsins og dvelur dagana 21.-27. ágúst. Spyr um SOTA.
02.08.2022...Erindi til: VE3RXH; Rob boðinn velkominn til landsins og mælt með að spyrja TF3EK um SOTA spurningar (tölvupóstfang hans gefið upp).
06.08.2022...Erindi frá: Jesper, OZ1XB; spyr hvort við þekkjum tvíþól loftnet í Vestmannaeyjum sem 80 ára vinur hans sá í ferð þar um slóðir í sumar.
06.08.2022...Erindi til: OZ1XB; erindinu svarað um að okkur sé ekki kunnugt um hver á loftnetið; gískað á að það gæti verið fyrir fjarskipti við fiskveiðiflotann.
Maí...Erindi frá: Formanni til stjórnar (á milli funda): 22., 23., 24., 25., 26., 30. og 30. maí (7 örösendingar).
Júní...Erindi frá: Formanni til stjórnar: 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 9., 10., 11., 13., 14., 15., 16., 18., 19., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28. og 29. júní (alls 25 orðs.).
Júlí...Erindi frá: Formanni til stjórnar: 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 8., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 26., 27. og 31. júlí (alls 22 örösendingar).
Ágúst...Erindi frá: Formanni til stjórnar: 2., 4. og 5. Ágúst (alls 3 örösendingar).

4. Skýrsla gjaldkera. Staða félagssjóðs og innheimta félagsgjalda.
5. Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022.
 - a. Umræður um hvernig til tókst með verkefnið. b. Heimsókn þáttakenda sem náðu prófi til amatörleysis í Skeljanes 16. júlí.
 - c. Framhaldið.
6. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní.
7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23 lögð fram til samþykktar.
8. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.
 - a. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í VHF/UHF leikumum 1.-3. júlí. b. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í TF útileikumum 30. júlí til 1. ágúst.
9. TF útileikarnir 2022.
 - a. Tillaga um breytingar á keppnisreglum. b. Tímabundin heimild FST fyrir allt að 100W á 60M í leikumum 2022, barst 18. júlí.
10. CQ TF, 3. tbl. 2022 kom út 3. júlí á heimasíðu.
Sent til Norðurlandafélaganna 11. júlí – kom úr prentun 12. júlí – og var póstlagt innanlands 13. júlí.
11. Afmælisfagnaður í tilefni 75 ára afmælis ÍRA [2021] sunnudaginn 14. ágúst.
12. Flóamarkaður ÍRA sunnudaginn 11. september.
13. Vetrardagskrá ÍRA 2022; hefst 7. október og lýkur með jólakaffi 15. desember.
14. Ástand OptiBeam OBS-20 loftnets TF3IRA var skoðað 13. júlí.
 - a. Tillaga TF1EIN um kaup á nýju loftneti fyrir TF3IRA. b. Sjónarmið TF3Y dags. 5.8. og TF2LL 6.8. c. Upplýsingar um loftnet.
15. Fækkun opnunarkvöldra í Skeljanesi.
16. Endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
17. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.
18. Önnur mál.
 - a. Upplýsingar um ÍRA og opnunartíma settar upp við inngang/útidyr í Skeljanesi (23. maí).
 - b. Félagatal raddfært á heimasíðu í kjölfar endurinnsetningar TF3WZ á síðuna (25. maí).
 - c. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá TF3WS (23. maí).
 - d. Móttekið sýningargjald að gjöf til félagsins frá NN (23. maí).
 - e. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá TF3FG (19. maí).
 - f. Stærstur hluti heimasíðu félagsins uppfærður sem er á ensku (25. maí).
 - g. Móttekið radiódót (raflöður) að gjöf til félagsins frá TF1A (25. maí).
 - h. Járndót í portinu á bak við Skeljanes fjarlægt af TF2LL (31. maí og 3. júní).
 - i. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá NN; 192 kristallar (4. júní).
 - j. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3TD; vefmyndavél til vöktunar (7. júní).
 - k. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsveggnum; TF1JI og TF3JB unnu verkið (30. júní).
 - l. Móttekið radiódót móttekið að gjöf til félagsins frá NN (30. júní).
 - m. Eldri félagsgögn móttekin frá TF3NA; félagatal 1973 og bréf frá PFS 1947 til TF3MB (6. júlí).
 - n. Móttekin gjöf til félagsins úr dánarbúi TF3GB; loftnetaeftni sem TF3AO færði í Skeljanes (7. júlí).
 - o. Móttekið radió- og tölvudót að gjöf til félagsins frá TF1A (14. júlí).
 - p. Vandræði með heimasíðu félagsins.
19. Næsti fundur stjórnar.
20. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lög fram frá 2. fundi þann 19. maí s.l.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skýrsla gjaldkera. Staða félagssjóðs og innheimta félagsgjalda.

Innheimta gengur vel, greidd hafa verið 153 félagsgjöld en ógreitt eru 27. Fjárhagsstaða félagssjóðs er jákvæð um 2.375.127 krónur.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022.

Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar ÍRA mætti á fundinn.

a. Umræður um hvernig til tókst með verkefnið.

Í inngangi kynnti formaður, TF3JB efnisatriði í grein sinni: „Tímamót í námskeiðshaldi til amatörprófs; nýr ágangi í sögu námskeiða og prófa“ sem birtist í 3. tbl. CQ TF sem kom út 3. júlí. Niðurstaða var að námskeiðið tókst með ágætum og vel gekk að fá fólk til að leiðbeina. Bæði var um stað- og fjarnám í boði í Háskólanum í Reykjavík sem gekk mjög vel. Alls voru 14 skráðir til prófs, 12 mættu í prófið og 11 náðu ýmist N- eða G-leyfum.

b. Heimsókn þátttakenda sem náðu prófi til amatörleyfis í Skeljanes 16. júlí.

Í skipulagi vornámskeiðs ÍRA 2022 sem lauk með prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 21. maí var gert ráð fyrir sérstökum degi (eftir prófið) í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þar segir m.a.: „Farið í félagsaðstöðu ÍRA og fjarskiptaherbergi og loftnet skoðuð. Nemendur gera prufuútsendingar undir nafni TF3IRA með stöðvarstjóra. Útfært síðar með tíma“.

Af ýmsum ástæðum frestaðist þessi sérstaki dagur þar til 16. júlí kl. 10:00. Sendur var tölvupóstur á þá sem stóðust próf (alls 11 manns) með boði um að mæta í Skeljanes með viku fyrirvara. Svör bárust frá 6 sem ýmist voru erlendis eða í sumarfríi innanlands þannig að ljóst var að mest 5 mundu geta mætt. Engu að síður var ákveðið að halda sig við auglýstan dag og mættu tveir nýir leyfishafar í Skeljanes, Antonia Sabrina Stevens, TF3ST og Guðmundar Veturliða Einarssonar, TF3VL.

Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins og Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA tóku á móti nýjum leyfishöfum með dagskrá dagsins, auk þess sem Kristján Benediktsson mætti á staðinn og tók ljósmyndir. Skemmtilegur og vel heppnaður laugardagur!

c. Framhaldið.

Skoða þarf kosti og galla við stað- og fjarkennslu í ljósi reynslunnar. Menn eru sammála um, að stefna að næsta námskeiði vorið 2023. Prófnefnd mun nota tímamót og yfirfara námsefni til þess tíma. Fara þarf yfir lista leiðbeinenda með hliðsjón af því að sumir vilja hætta og því þarf að finna nýja til að fylla upp í skarðið. Frábært var að fá Kristinn Andersen, TF3KX formann prófnefndar til skrafs og ráðagerða um námskeiðin, fyrirkomulag og námsefnið og þakkaði formaður, Kristni Andersen, TF3KX fyrir að koma á fundinn.

6. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní.

Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA tók þátt í millifundi IARU Svæðis 1, sem haldinn var 22.-24. júní samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen. Fundurinn var hvorutveggja haldinn sem stað- og fjarfundur og tók Kristján þátt í fundinum yfir netið. Hann mun gera grein fyrir helstu niðurstöðum í 4. tbl. CQ TF 2022.

7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23 lögð fram til samþykktar.

Farið var yfir framlagða tillögu varaformanns, TF2LL að starfsáætlun stjórnar á nýju starfsári, 2022/23. Tillagan var samþykkt samhljóða. Áætlunin er með hefðbundnum hætti og verður til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2022.

8. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í VHF/UHF leikunum 1.-3. júlí.

Félagsstöðin TF3IRA var í loftinu frá Skeljanesi laugardaginn 2. júlí. Þeir sem virkjuðu stöðina: Jónas Bjarnason, TF3JB, Jón G. Guðmundsson, TF3LM og Mathías Hagvaag, TF3MH. Félagsaðstaðan var opin á sama tíma fyrir félagsmenn og gesti og mættu alls 11 félagar og 1 gestur á staðinn.

b. Kallmerkið TF3IRA var virkjað í TF útileikunum 30. júlí til 1. ágúst.

Félagsstöðin TF3IRA var í loftinu í TF útileikunum laugardaginn 30. júlí. Þeir sem virkjuðu stöðina: Erling Guðmundsson, TF3E og Jónas Bjarnason, TF3JB. Samhliða var auglýst opið hús í félagsaðstöðunni og mættu alls fimm félagar á staðinn.

9. TF útileikarnir 2022.

a. Tillaga um breytingar á keppnisreglum.

Tillaga Einars Kjartanssonar, TF3EK umsjónarmanns TF útileikanna dags. 7. júlí samkvæmt tillögu Andrésar Þórarinssonar, TF1AM að breytum reglum leikanna hvað varðar tímabil og fjöldi sambanda – var samþykkt samhljóða. Efnisatriði eru eftirfarandi: Textinn „eða breidd og lengd, í heilum gráðum, t.d. 6421“ í 4. grein verði felldur á brott, keppnistímabil verði stytta úr þremur í tvo sólarhringa og að afnumin verði takmörk á fjölda sambanda.

b. Tímabundin heimild FST fyrir allt að 100W á 60M í leikunum 2022, barst 18. júlí.

Formaður, TF3JB skýrði frá erindi sem sent var til Fjarskiptastofu með beiðni ÍRA um tímabundna heimild fyrir að nota allt að 100W á 60 metra bandi í TF útileikum. Stofnunin kom til móts við beiðni félagsins og heimilaði umbeðið afl á nefndu bandi í leikunum 2022.

10. CQ TF, 3. tbl. 2022 kom út 3. júlí á heimasíðu.

Blaðið kom út sunnudaginn 3. júlí á heimasíðu og FB síðum. Í framhaldi voru sendir tölvupóstar á alla félagsmenn með vefslóð á blaðið, sem var alls 52 síður að stærð. Höfundar efnis í blaðinu voru níu talsins: TF1AM, TF3DC, TF3GS, TF3KX, TF3JB, TF3SB, TF3VS, TF5B og TF8KY. Það var sent til Norðurlandafélaganna á rafrænu formi 11. júlí, kom úr prentun 12. júlí og var póstlagt á móttökuaðila innanlands degi síðar.

11. Afmælisfagnaður í tilefni 75 ára afmælis ÍRA [2021] sunnudaginn 14. ágúst.

Jón Svavarsson, TF3JON var mættur á fundinn til að taka ljósmynd af stjórn félagsins 2022/23. Hann tók þátt í umræðum og bauðst til að aðstoða við útfærslu verkefnisins, m.a. að sérlaga heitt súkkulaði. Tilboði hans var tekið með þökkum. Undir dagskrárliðnum var samþykkt að fresta viðburðinum til sunnudagsins 28. ágúst m.a. vegna Covid-19 veikinda stjórnarmanna að undanfögnu.

12. Flóamarkaður ÍRA sunnudaginn 11. september.

Flóamarkaður ÍRA fer fram 11. september. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mun sjá um uppboðshlutann og Hinrik Vilhjálmsson, TF3VH mun annast tæknihlíðina.

13. Vetrardagskrá ÍRA 2022.

Dagskrá hefst á ný 6. október og lýkur með jólakaffi 15. desember.

14. Ástand OptiBeam OB4-20OWA loftnets TF3IRA var skoðað 13. júlí.

Benedikt Sveinsson, TF3T klifraði upp turninn í Skeljanesi fimmtudaginn 13. júlí. Eftir samráð var ákveðið að velja „bráðabirgðaleið“ í viðgerð sem er að skeyta inn nýjum kapli, en

í ljós kom að „skottið“ frá „Hard-line“ kaplinum upp í fæðingu loftnetsins er skemmt og að „nagast“ í sundur og er líklega fullt af vatni.

a. Tillaga TF1EIN um kaup á nýju loftneti fyrir TF3IRA.

Tillaga Heimis Konráðssonar, TF1EIN er þess efnis, að OB4-20OWA netið verði tekið niður og keypt þess í stað OptiBeam OB9-5 sem er 9 elementa Yagi loftnet fyrir 20/17/15/12/10 metra böndin. Málið var rætt án niðurstöðu.

b. Sjónarmið TF3Y dags. 5.8. og TF2LL 6.8.

Framlagðar upplýsingar voru kynntar með álitum þeirra Yngva Harðarsonar, TF3Y og Georgs Magnússonar, TF2LL sem fjalla um heppileg Yagi loftnet fyrir ÍRA og jákvæðar og neikvæðar hliðar slíks „loftnetabúskapar“.

c. Upplýsingar um loftnet.

Málinn voru rædd og skoðuð fram og til baka. M.a. var kynnt framlagt samantektarblað um fjögur loftnet: OptiBeam OB9-5, OB15-7, SteppIR DB18 og Steppir 2EL. Niðurstaða umræðna var, að finna þurfi raunkostnað við uppsetningu á nýju loftneti. Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar, en upplýsingaröflun muni fara fram í millitíðinni.

15. Fækkun opnunarkvölda í Skeljanesi.

Formaður, TF3JB kynnti samantektarblað um fjölda opnunarkvölda á fimmtudögum á árinu 2022. Hugmyndin er að fækka opnunarkvöldum í Skeljanesi. Samþykkt að fresta umræðunni.

16. Endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.

Heyra þarf í núverandi embættismönnum og taka stöðuna á þeim og verkefnum þeirra. Rætt um að senda þeim tölvupóst með nokkrum spurningum og halda svo fundi með þeim. Útbúa þarf formleg embættisbréf sem eru ekki lengri en um hálf A4 síða að stærð.

17. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.

Afla þarf upplýsinga um fyrirkomulag, s.s. um tækjabúnað og reglur um notkun. Stjórnin hvetur félagsmenn til að nýta aðstöðuna á fimmtudagskvöldum og á öðrum skipulögðum opnunartímum. Samþykkt að fresta málinu á meðan öflun gagna fer fram.

18. Önnur mál.

a. Upplýsingar um ÍRA og opnunartíma settar upp við inngang/útidyr í Skeljanesi (23. maí).
Stjórn lýsir yfir ánægju með að þetta hefur verið gert.

b. Félagatal uppfært á heimasíðu í kjölfar endurinnsetningar TF3WZ á síðuna (25. maí).
Stjórn þakkar Ölvi Styrr Sveinssyni, TF3WZ vefstjórna ÍRA fyrir góða aðstoð.

c. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá TF3WS (23. maí).
Stjórn þakkar Sigurði Harðarsyni, TF3WS fyrir velvild í garð félagsins.

d. Móttekið sýningargjald að gjöf til félagsins frá NN (23. maí).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins.

e. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá TF3FG (19. maí).
Stjórn þakkar Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG fyrir velvild í garð félagsins.

f. Stærstur hluti heimasíðu félagsins uppfærður sem er á ensku (25. maí).
Stjórn fagnar því að þetta hefur verið gert.

g. Móttekið radiódót (rafhlöður) að gjöf til félagsins frá TF1A (25. maí).
Stjórn þakkar Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A velvild í garð félagsins.

h. Járndót í portinu á bak við Skeljanes fjarlægt af TF2LL (31. maí og 3. júní).
Stjórn þakkar Georg Magnússyni, TF2LL fyrir gott frumkvæði í málinu.

i. Móttekið radiódót að gjöf til félagsins frá NN; 192 kristallar (4. júní).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins.

j. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3TD; vefmyndavél til vöktunar (7. júní).
Stjórn þakkar Stefáni Stefánssyni, TF3TD velvild í garð félagsins.

k. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsveggnum; TF1JI og TF3JB unnu verkið (30. júní).
Stjórn þakkar Jóni Ingvari Óskarssyni, TF1JI og Jónasi Bjarnasyni, TF3JB vel unnið verk.

l. Móttekið radiódót móttekið að gjöf til félagsins frá NN (30. júní).
Stjórn þakkar NN fyrir velvild í garð félagsins. M.a. er um að ræða mælitæki og vandað dót.

m. Félagsgögn móttekin frá TF3NA; félagatal 1973 o bréf frá PFS 1947 til TF3MB (6. júlí).
Stjórn þakkar Hauki Haraldssyni, TF3NA fyrir að hugsa til félagsins með eldri félagsgögn.

n. Móttekin gjöf til félagsins frá TF3IT; loftnetaefni sem TF3AO færði í hús (7. júlí).
Stjórn þakkar TF3IT og Ársæli Óskarssyni, TF3AO fyrir að flytja dótið í Skeljanes.

o. Móttekið radió- og tölvudót að gjöf til félagsins frá TF1A (14. júlí).
Stjórn þakkar Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A fyrir velvildina.

p. Vandræði með heimasíðu félagsins.
Stjórn þakkar Ölvi Styrr Sveinssyni, TF3WZ vefstjóra ÍRA fyrir góða aðstoð.

q. Tillaga um að setur verður upp varasjóður félagsins til að taka á óvæntum útgjöldum.
Tillaga ritara, TF3GS um að setja upp varasjóð til að mæta óvæntum útgjöldum samþykkt samljóða.

r. Ljósmynd var tekin af stjórn í tilefni nýs starfsárs, 2022/23.
Jón Svavarsson, TF3JON ljósmyndari félagsins tók árlega ljósmynd af stjórn félagsins. Stjórn þakkar Jóni Svavarssyni, TF3JON fyrir að koma á fundinn og annast verkefnið.

19. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn fimmtudaginn 18. september kl. 18:00 í Skeljanesi.

20. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 21:00.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA; Skeljanesi 1. september 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. Gestur: TF2EQ.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 3. fundi 10. ágúst s.l.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

07.08.2022...Erindi frá: Greg, WB8WUA. Spyr um þátttöku frá TF kallmerkjum í keppnum á næstunni.

07.08.2022...Erindi til: WB8WUA. Greg bent á að TF kallmerki taki þátt í flestum stærstu alþjóðlegu keppnum, bæði CW, SSB og RTTY.

11.08.2022...Erindi frá: Herbert, OE3KJN. Í pósti 18.6. hafði hann áformað að koma í heimasókn í Skeljanesi, en hafði ekki tíma þegar á reyndi.

11.08.2022...Erindi til: OE3KJN. Herbert boðinn velkominn í Skeljanesi í næstu heimsókn hans til landsins.

12.08.2022...Erindi frá: Sighvati í orgelkvarsettinn Apparat, sem bauð félagsmönnum ÍRA þátttöku í fyrirhuguðum tónleikum 26. október.

Til skýringar: Fyrir um 20 árum voru haldnir tónleikar í Hafnarhúsinu þar sem spilað var á orgel og 4 félagsmenn ÍRA komu með búnað, settu loftnet upp

og reyndu að ná sambandi við aðra radióamatörar um heiminn meðan á tónleikumum stóð.

13.08.2022...Erindi til: Kvarsettisins. Vel tekið í málið og það verði skoðað.

16.08.2022...Erindi frá: Ómari Þórðórssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Borgarinnar. Spyr um dót í portinu á bak við húsið í Skeljanesi.

16.08.2022...Erindi til: Ómar upplýstur um að hvorki gámar, bifreiðar né annað í portinu sé á vegum ÍRA. Allt loftnetaeftni félagsins hafi verið fjarlægð í byrjun júní s.l.

17.08.2022...Erindi frá: Jay, N1AV. Áformar að setja upp 1296 MHz EME búnað hér á landi sumarið 2023. Veltir líka fyrir sér 50 MHz og að fá úthlutað TF kallmerki.

17.08.2022...Erindi til: N1AV. Jay boðinn velkominn. Svareð spurningum um 50 MHz og að þörf sé á a.m.k. 90 daga dvöl áður en sækja má um TF kallmerki.

17.08.2022...Erindi frá: Roland, HB9VQQ. Hann fagnar því að WSPR radióvitinn TF3D er orðinn QRV og þakkar aðkomu ÍRA.

17.08.2022...Erindi til: HB9VQQ. Roland þakkað og sendar kveðjur frá stjórn ÍRA.

23.08.2022...Erindi til: Óla Jóns Hertevig, skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Borgarinnar. Óskað heimildar til uppsetningar við enda skemmunnar í portinu

á bak við húsið í Skeljanesi. Tvær ljósmyndir sendar með til skýringar.

23.08.2022...Erindi frá: Óla Jóni. Í svari hans segir: „Fyrir hönd húseigenda gerum við ekki athugasemd við þetta. Ef þarf leyfi frá opinberum aðilum svo sem byggingarfulltrúa, fjarskiptastofu eða öðrum sjáð þið um slíkt.

24.08.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkynning um útkomu ársskýrslu stofunnar fyrir árið 2021, alls 63. bls. að stærð.

24.08.2022...Erindi til: Orgelkvarsettisins Apparat. Varaformaður, TF2LL gerði nánari fyrirspurn (sjá tölvupósta ofar; dags. 12. og 13.8.).

24.08.2022...Erindi frá: Sighvati í Apparat. Þar kemur fram, að þeir óska að salta málið vegna mjög takmarkaðs tíma til uppsetningar í Tjarnarbiói.

Ágúst, 2022...Erindi frá: Formanni til stjórnar: 8. nr. 58, 9. nr. 59, 11. nr. 60, 12. nr. 61, 14. nr. 62, 15. nr. 63, 16. nr. 64, 17. nr. 65, 18. nr. 66, 19. nr. 67, 21. nr. 68, 22. nr. 69, 23. nr. 70, 23. nr. 71 (viðbótarsending), 24. nr. 72, 25. nr. 73, 26. nr. 74, 27. nr. 75, 28. nr. 76. (Alls 19 sendingar).

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs og innheimtu.

5. Kaffiboð fyrir félagsmenn í tilefni 75 ára afmælis ÍRA fór fram sunnudaginn 28. ágúst.

Umræður um hvernig til tókst með verkefnið.

6. Loftnetamál TF3IRA.

a. Bráðabirgðaviðgerð á fæðilínu OptiBeam OB4-20OWA fór fram 25. ágúst.

b. Tillaga um uppsetningu loftnetsturns II í portinu bak við húsið í Skeljanesi.

c. Tillaga um kaup á loftneti og nauðsynlegum búnaði.

d. Önnur loftnetamál.

7. Uppfærsla heimasíðu félagsins 21. ágúst.

8. Flóamarkaður sunnudaginn 9. október.

9. Ný vetrardagskrá október-desember 2022.

10. Félagsblaðið CQ TF.

a. Fjórða tölublað ársins kemur út á heimasíðu 2. október.

b. 4. fundur ritnefndar 2022/23 haldinn 30. ágúst.

11. Vegleg gjöf til ungmennastarfs ÍRA móttekin 12. ágúst.

a. Elin Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA sótti 10. sumarbiðir YOTA í Króatíu 6.-13. ágúst.

b. Hún veitti viðtöku fartölvu að gjöf til ungmennastarfs ÍRA 12. ágúst.

12. Vegleg gjöf til ÍRA móttekin 22. ágúst.

a. 12 metra hárfloftnetsturn móttekin að gjöf frá Benedikt Sveinssyni, TF3T.

13. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst.

a. Svanur Hjálmarsson, TF3AB virkjaði TF1IRA frá Knarrarósvita 20. ágúst.

b. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A virkjaði TF1A/LH frá Garðskagavita 21. ágúst.

14. Þátttaka TF3D í WSPRnet verkefninu hófst 16. ágúst.

15. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.

16. Önnur mál.

a. Netfang félagsins, ira@ira.is komst í lag 15. ágúst.

b. Heimasíða ÍRA komst endanlega í lag 16. ágúst.

c. Málað yfir lekaskemmdir í lofti í fundarsal í Skeljanesi 17. ágúst.

d. Gjöf TF1A til félagsins 24. ágúst: 2 stk. Linksys Cisco SR2024 24-port 10/100/1000 Gigabit Switch.

e. Gjöf TF7DHP til félagsins 24. ágúst: Kenwood TR-7625 FM sendistöð og RM-76 eining fyrir 6 rásir.

17. Næsti fundur stjórnar.

18. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá

TF3JB, formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 3. fundi 10 ágúst s.l.

Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs og innheimtu.

Staða félagsjóðs: 2.375.127 kr. Greitt félagsgjöld: 155; eftir að greiða: 25.

5. Kaffiboð fyrir félagsmenn í tilefni 75 ára afmælis ÍRA sunnudaginn 28. ágúst.

Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir vel unnið verk. Mikil ánægja er hjá félagsmönnum og gestum sem mættu í félagsaðstöðuna í Skeljanes 28. ágúst.

6. Loftnetamál TF3IRA.

a. Bráðabirgðaviðgerð á fæðilínu OptiBeam OB4-20OWA fór fram 25. ágúst.

Bráðabirgðaviðgerð á fæðilínu OptiBeam OB4-20OWA hefur farið fram. Benedikt Sveinsson, TF3T kleif turninn og annaðist hana. Þakkir til Benedikts fyrir vel unnið verk.

b. Tillaga um uppsetningu loftnetsturns II í portinu bak við húsið í Skeljanesi.

Samþykkt að fara í þá vinnu að koma honum upp við endann á skemmuni austast í portinu, bak við húsið í Skeljanesi.

c. Tillaga um kaup á loftneti og nauðsynlegum búnaði.

Samþykkt samhljóða að kaupa OBDYA9-4 loftnet og PST-2501D rótor. Báðir framleiðendur veita okkur bestu afsláttarkjör. Heildarverð á loftneti, balun, rótor og stýriklappi er 450 þúsund krónur komið til landsins. ÍRA mun á móti selja búnað í eigu félagsins, m.a. á flóamarkaði sem haldinn verður 9. október í Skeljanesi. Reiknað er með að nettókostnaður félagssjóðs muni nema um 200 þúsund krónum.

d. Önnur loftnetamál.

Fara á yfir þau loftnet sem til eru hjá félaginu og selja þau net sem við sjáum ekki fram á að sett verði upp.

e. Viðgerð á fæti núverandi turns fór fram 1. september s.l.

Georg Magnússon, TF2LL mætti í Skeljanes 1. september (fyrir stjórnarfundinn) og lauk viðgerð á fæti núverandi turns sem skemmdist í janúar s.l., en bráðabirgðaviðgerð fór fram um miðjan janúar s.l. Þakkir til Georgs fyrir vel unnið verk.

7. Uppfærsla heimasíðu félagsins 19.-21. ágúst.

Uppfærsla var gerð á vef félagsins 19. ágúst. Þeir hlutir sem voru hættir að virka eru komnir í lag. Opnunarsíða (fréttasíða) var uppfærð 21. ágúst. Þegar síðan opnast birtast efnisdálkar til hægri með þessum fyrirsögnum og flýtleiðum:

„SDR viðtæki yfir netið“ – „Ársskýrslur ÍRA“ – „Félagsblað ÍRA CQ TF“ og „Fundargerðir stjórnar“.

Liðurinn „Fundargerðir stjórnar“ er nýr á þessum stað á heimasíðunni. Um er að ræða gerðir frá starfsárunum 2018/19, 2019/20, 2020/21, 2021/22 og 2022/23. Nýjustu fundargerðirnar eru efst. Fleiri breytingar og uppfærslur verða kynntar á næstunni.

8. Flóamarkaður sunnudaginn 9. október.

Samþykkt að selja gamla turn félagsins (9 m.), turn sem félaginu var gefinn 2019 (11 m.), Yaesu FT-1000 stöð með borðhátalara og önnur lofnet sem ekki eru í notkun.

9. Ný vetrardagskrá október-deseember 2022.

Verkefni um vetrardagskrá er á lokametrunum að sögn formanns, TF3JB. Nýja vetrardagskráin verður kynnt í 4. tbl. CQ TF sem kemur út 2. október n.k.

10. Félagsblaðið CQ TF.

a. Fjórða tölublað ársins kemur út á heimasíðu 2. október.

Síðasta tölublað ársins 2022 kemur út á heimasíðu sunnudag 2. október. Um er að ræða næst síðasta blaðið á starfsárinu 2022/23.

b. 4. fundur ritnefndar 2022/23 haldinn 30. ágúst.

Síðasti fundur ritnefndar CQ TF á árinu 2022 fór fram 30. ágúst. Fram kom m.a. á fundinum að nægt efni sé til á lagar þannig að næsta blað verði trúlega yfir 48 blaðsíður að stærð.

11. Vegleg gjöf til ungmennastarfs ÍRA móttækin 12. ágúst.

a. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA sótti 10. sumarbúðir YOTA í ágúst.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ var boðin velkominn á fundinn. Hún skýrði m.a. frá ungmennastarfinu sem fer fram í sumarbúðaverkefni IARU Svæðis-1. Elín var fulltrúi ÍRA í sumarbúðum IARU Svæðis 1 sem haldnar voru í borginni Karlovac í Króatíu 6.-13. ágúst s.l.

b. Hún veitti viðtöku fartölvu að gjöf til ungmennastarfs ÍRA 12. ágúst. Gefandi: HRS.

Í lok dvalar var fulltrúum 25 landsfélaga IARU Svæðis 1 sem viðstaddir voru í Karlovac, afhent vegleg gjöf til ungmennastarfs í löndunum, Dell Vostro 15 3510 ferðatölva. Elín tók við gjöfinni fyrir hönd ÍRA. Það er systurfélag okkar í Króatíu, Hrvatski Radioamaterski Savez (HRS) sem afhenti gjöfina og er formlega skráð sem gefandi. Elín mætti á fundinn með tölvuna ásamt sérstöku gjafabréfi HRS til félagsins

Undir dagskrárliðnum var rætt um YOTA málefni innan IARU Svæðis 1 en einnig um samvinnu á milli norðurlandafélaganna. Elín er í góðu sambandi við forsvarsfólk ungmennastarfsins innan IARU og Norðurlandafélaganna. Í lok umfjöllunarinnar samþykkt stjórn ÍRA sérstakar þakkir til HRS fyrir veglega gjöf til ungmennastarfs félagsins. Ennfremur voru samþykktar þakkir til Elínar fyrir að takast á hendur ferðalagið til Króatíu án aðkomu félagssjóðs.

12. Vegleg gjöf til ÍRA móttækin 22. ágúst.

a. 12 metra hár loftnetsturn móttækin að gjöf frá Benedikt Sveinssyni, TF3T.

Stjórn ÍRA þakkar veglega gjöf Benedikts Sveinssonar, TF3T sem tekið var á móti 22. ágúst. Turninn verður fljótlega settur upp í portinu bak við húsið í Skeljanesi og mun notast undir nýtt Yagi loftnet fyrir félagsstöðina TF3IRA.

13. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst.

a. Svanur Hjálmarsson, TF3AB virkjaði TF1IRA frá Knarrarósvita 20. ágúst.

Stjórn ÍRA þakkar Svani Hjálmarssyni, TF3AB og Þór Þórssyni, TF1GW fyrir að virkja kallmerkið TF1IRA frá Knarrarósvita á Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni 2022.

b. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A virkjaði TF1A/LH frá Garðskagavita 21. ágúst.

Þakkar til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir að virkja í fyrsta skipti kallmerki frá Garðskagavita um vita- og vitaskipahelgi um QO-100 gervitunglið.

14. Þátttaka TF3D í WSPRnet verkefninu hófst 16. ágúst.

TF3D er fyrsta íslenska kallmerkið sem gerist þátttakandi í WSPRnet kerfinu og varð radióvitinn virkur 16. ágúst 2022 á 80, 40, 20, 15 og 10 metrunum. QTH er við Stokkseyri,

reitur HP93lu. Fjarskiptastofa hefur veitt heimild sendingum vitans og er Benedikt Sveinsson, TF3T ábyrgðarmaður.

Stjórn ÍRA þakkar Benedikt fyrir uppsetningu búnaðarins. WSPRnet kerfið veitir íslenskum sem og erlendum leyfishöfum sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbýlgna mikilvægar upplýsingar sem nýtast í fjarskiptum radióamatöra um allan heim.

15. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.

Samþykkt að fela Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS að skoða málið og koma með tillögur.

16. Önnur mál.

a. Netfang félagsins, ira@ira.is komst í lag 15. ágúst.

Þakkir til Ölvis Sveinssonar, TF3WZ vefstjóra ÍRA fyrir góða aðstoð.

b. Heimasíða ÍRA komst endanlega í lag 16. Ágúst.

Þakkir til Ölvis Sveinssonar, TF3WZ vefstjóra fyrir góða aðstoð.

c. Málað yfir lekaskemmdir í lofti í fundarsal í Skeljanesi 17. Ágúst.

Þakkir til Baldvins Þórarinssonar, TF3-Ø33 og Jónasar Bjarnasonar, TF3JB.

d. Gjöf TF1A til félagsins 24.8.: 2 stk. Linksys Cisco SR2024 24-port 10/100/1000 Gigabit Switch.

Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir velvild í garð félagsins.

e. Gjöf TF7DHP til félagsins 24.8.: Kenwood TR-7625 FM sendistöð + RM-76 eining fyrir 6 rásir.

Þakkir til Daggeirs H. Pálssonar, TF7DHP fyrir velvild í garð félagsins.

17. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að næsti fundur í stjórn félagsins verði haldinn fimmtudag 6. október kl. 18 í Skeljanesi.

18. Fundarslit.

Fundi var slitið kl. 19:45.

Fundargerð ritaði

Guðmundur Sigurðsson / TF3GS

Ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 6. október 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF2LL boðaði forföll vegna veikinda.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 4. fundi; 1. september s.l.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

30.08.2022...*Erindi frá:* NRRL. Boð um þátttöku í NRAU fundi 22. október n.k. – fjárfundi.

30.08.2022...*Erindi til:* Boð framsent á TF3KB IARU/NRAU tengilið ÍRA.

31.08.2022...*Erindi frá:* Alex, UT4EK. Skýrir frá áhuga á að koma með vin sinn Roman Bratchyk, UT7UA í heimsókn í Skeljanesi 1. september.

31.08.2022...*Erindi til:* UT4EK. Alex UT4EK og Roman UT7JA boðnir velkomnir í heimasókn í Skeljanesi 1. september.

07.09.2022...*Erindi frá:* Fjarskiptastofnun. Varðar umsögn ÍRA um umsókn TF3DC um kallmerki fyrir sameiginlega stöð, TF3FOC.

07.09.2022...*Erindi til:* Fjarskiptastofnunar. Jákvæð umsögn ÍRA send til stofnunarinnar.

13.09.2022...*Erindi frá:* Stevie, EI8FHB. Hann spyr um QTH APRS sendis félagsins, TF3IRA/1Ø.

13.09.2022...*Erindi til:* EI8FHB. Stevie upplýstur um að QTH sé í aðalstöðvum ÍRA (HQ) í félagsaðstöðinni við Skeljanesi í Reykjavík.

14.09.2022...*Erindi frá:* Patrick, KI7EAJ. Hann er skiptinemi við HÍ fram í maí 2023 og spyr um reglur um úthlutun íslensks kallmerkis.

14.09.2022...*Erindi til:* KI7EAJ svarað með upplýsingum um að hann geti sótt um íslenskt kallmerki eftir a.m.k. 3 mánaða dvöl á landinu.

16.09.2022...*Erindi frá:* Marcin, SP8VGA. Hann verður á landinu 22. september og langar að koma í heimsókn í Skeljanesi.

16.09.2022...*Erindi til:* SP8VGA. Marcin boðinn velkominn í heimsókn í Skeljanesi fimmtudaginn 22. september.

19.09.2022...*Erindi frá:* Pat, VE3EUR hefur áhuga á að koma í heimsókn í Skeljanesi 28. september.

19.09.2022...*Erindi til:* VE3EUR. Pat boðinn velkominn í heimsókn í Skeljanesi fimmtudaginn 28. september.

Ágúst.....*Erindi frá:* Formanni til stjórnar: Nr. 77, 31. ágúst (alls 1 orðsending).

September...*Erindi frá:* Formanni til stjórnar: Nr. 78-1. september, nr. 79-2., nr. 80-4., nr. 81-5., nr. 82-6., nr. 83-7., nr. 84-8., nr. 85-9., nr. 86-14., nr. 87-16., nr. 88-19., nr. 89-20., nr. 90-23.,

nr. 91-24., nr. 92-25., nr. 93-27., nr. 94-28., nr. 95-29., nr. 96-30. september (alls 19 orðsendingar).

Oktober.....*Erindi frá:* Formanni til stjórnar: Nr. 97-1., nr. 98-3. og nr. 99/4. október (alls 3 orðsendingar).

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs og innheimtu.

5. Loftnetamál TF3IRA; stöðuskýrsla.

- a. Staða 4 el Yagi lofnetisins; endurnýjun á „skotti“.
- b. Þöntun á loftneti, rótor og aukahlutum; staða mála.
- c. Undirbúningur loftnetsturns; Georg Magnússon, TF2LL.
- d. Önnur loftnetamál.

6. Flóamarkaður sunnudaginn 9. október.

- a. Eignir ÍRA sem verða boðnar til sölu á markaðnum.
- b. Fyrirkomulag í félagsaðstöðinni; félagsmenn bæði í Skeljanesi og yfir netið.
- c. Leiðbeiningar til félagsmanna sem vilja selja/kaupa tæki/búnað á markaðnum.

7. Ný vetrardagskrá fyrir tímabilið 6. október til 15. desember 2022 lögð fram.

8. Félagsblaðið CQ TF.

- a. Fjórða tölublað ársins kom út á heimasíðu 2. október.
- b. Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF kveður.

9. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.

- a. CQ WW DX SSB keppnin 29-30. október n.k.
- b. CQ WW DX CW keppnin 26.-27. nóvember n.k.
- c. Óskar Sverrisson, TF3DC keppnisstjóri TF3IRA kveður.

10. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.

11. Önnur mál.

- a. Tilnefning ÍRA til viðurkenningar fyrir vísindamiðlun árið 2022; dags. 28.9.
- b. Kaup á Nolle loftneti fyrir gervihnattastöð ÍRA.
- c. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2023; 19. febrúar.

12. Næsti fundur stjórnar.

13. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

TF3JB, formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Fram kom að Georg Magnússon, TF2IL varaformaður hafði boðað forföll vegna veikinda. Formaður lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 4. fundi; 1. september s.l.

Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs og innheimtu.

Staða félagsjóðs er 2.287.690 krónur. Greidd félagsgjöld eru 161 og 19 eru útistandandi.

5. Loftnetamál TF3IRA; stöðuskýrsla.

a. Staða 4 el Yagi loftnetsins; endurnýjun á „skotti“.

Búið er að gera bráðabirgðaviðgerð en áætlun er að fara upp með vinnulyftu og endurnýja skottið.

b. Pöntun á loftneti, rótor og aukahlutum; staða mála.

Loftnetið er komið í hús. Rótor og stýrikapall er hvorutveggja væntanlegt í byrjun nóvember.

c. Undirbúningur loftnetsturns; Georg Magnússon, TF2LL.

Georg Magnússon, TF2LL er byrjaður að vinna í turninum og gengur það vel; verður væntanlega tilbúinn um miðjan október.

d. Önnur loftnetamál.

HyEndFedAntenna vírloftnetin tvö (fyrir 30/40 metra og fyrir 80/40/20/10 metra) verða boðin til sölu á flóamarkaði félagsins 9. október n.k. ásamt SteppIR 3E Yagi loftnetinu, SteppIR BigIR loftnetinu og Fritzel Yagi loftnetinu.

6. Flóamarkaður sunnudaginn 9. október.

a. Eignir ÍRA sem verða boðnar til sölu á flóamarkaði.

Vísað í fyrri samþykkt í 8. lið fundargerðar 4. stjórnarfundar frá 1. september s.l. Að auki verður lögð áhersla á að selja það sem m.a. hefur verið tekið frá og geymt úr dánarbúi TF3GB.

b. Fyrirkomulag í félagsaðstöðunni; félagsmenn bæði í Skeljanesi og yfir netið.

Þar sem fyrirhugað var að ræða dagskrárliðinn með Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS sem hefur tekið að sér að sjá um uppboð á flóamarkaðnum – en hann átti ekki heimangengt á fundinn – var formanni falið að ræða fyrirkomulag í félagsaðstöðunni við Vilhjálmi eftir fundinn. Ennfremur verður rætt við TF3VH sem hefur tekið að sér tæknistjórn á markaðnum hvað varðar aðgang félagsmanna sem verður boðið að hafa aðgang yfir netið.

c. Leiðbeiningar til félagsmanna sem vilja selja/kaupa tæki/búnað á markaðnum.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að leiðbeiningar verði tilbúnar með fyrirfara til innsetningar á heimasíðu og FB síður. Samþykkt að búnaður sem verður seldur á flóamarkaðnum verði aðeins afhentur gegn staðgreiðslu.

7. Ný vetrardagskrá fyrir tímabilið 6. október til 15. desember 2022 lögð fram.

Glæsileg ný vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið 5. október til 15. desember var til kynningar í 4. tbl. CQ TF sem kom út 2. október. Alls verða 23 viðburðir í boði og koma 15 félagsmenn að verkefninu. Um er að ræða flutning erinda, tvo félagsfundi, námskeið, laugardags- og sunnudagsopnanir, auk þess sem við verðum með fyrstu miðvikudagsopnunina, sem er „Dömukvöld“ – sérstaklega sett upp fyrir YL amatörana okkar. Þá mun flóamarkaður félagsins

falla inn í vetrardagskrána sunnudaginn 9. október. Síðast, en ekki síst, endum við árið með jólakaffi ÍRA, viðhafnarkaffi sem verður haldið í Skeljanesi fimmtudaginn 15. desember.

8. Félagsblaðið CQ TF.

a. *Fjórða tölublað ársins kom út á heimasíðu 2. október.*

Blaðið er allstórt í sniðum að þessu sinni, eða 60 blaðsíður. Meðal efnis í blaðinu, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- Félagstarfið í Skeljanesi.
- TF3ØIRA í Þjórsárdal 1976.
- VHF/UHF leikar 2022; úrslit.
- Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2022.
- TF útileikar 2022; úrslit.
- IARU Svæðis 1 viðburðir í Friðrikshöfn 2022.
- SYLRA 2022 18. til 24. ágúst 2022 – í Turku, Finnlandi.
- TF3CW vinnur með ED1R keppnishópnum.
- Frá 75 ára afmælikaffi ÍRA.
- Rótor stýrt með fótstigi.
- TF3AM í CQ WPX SSB keppninni 29.-30. mars 2008.
- Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2022/23.
- 4U1ITU í Genf 60 ára.
- Bókahorn ÍRA.
- Viðurkenningar radíóamatöra.
- Íslenskir radíóamatörar; starfstímabilið 2022/23.
- Helstu DX keppnir í október 2022– janúar 2023.
- QSL kort frá TF3MB, TF5TP, TF5AS og TF5SV.
- DXCC skráning TF kallmerkja.
- Vetrardagskrá ÍRA október-desember 2022.

b. *Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF hefur óskað að láta af störfum.*

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi stjórn félagsins erindi 24. september s.l. með ósk um að láta af embætti vegna versnandi heilsufars. Stjórn ÍRA kemur til móts við óskir Sigurbjörns Þórs, þakkar honum fyrir framúrskarandi góð störf að útgáfumálum félagsins á tímabilinu 2018-2022 og óskar honum alls hins besta.

9. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.

a. *CQ WW DX SSB keppnin 29-30. október n.k.*

Félagsstöðin TF3W mun ekki taka þátt í keppninni þar sem loftnetabúnaði er áfátt.

b. *CQ WW DX CW keppnin 26.-27. nóvember n.k.*

Stefnt er að því að TF3W taki þátt í þessari stærstu morskkeppni ársins með fyrirvara um að loftnetamál verði komin í lag.

c. *Óskar Sverrison, TF3DC keppnisstjóri TF3IRA kveður.*

Stjórn ÍRA þakkar Óskari Sverrissyni, TF3DC góð störf að keppnismálum félagsstöðvarinnar.

10. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.

Málið rætt stuttlega og samþykkt að afla frekari gagna.

11. Önnur mál.

a. *Tilnefning ÍRA til viðurkenningar fyrir vísindamiðlun árið 2022; dags. (28. september).*

Stjórn félagsins þakkar Kristjáni Benediktssyni, TF3KB fyrir tilnefninguna til Rannsóknaráðs.

b. *Tillaga um kaup á Nolle loftneti fyrir gervihnattastöð TF3IRA.*

Áætlaður kostnaður er um 18 þúsund krónur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

c. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2023; 19. febrúar.

Samþykkt samhljóða að efnt verði til aðalfundar sunnudaginn 19. febrúar 2023. Leitað verði eftir að fá afnot af safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík líkt og 2 undanfarin ár.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að halda næsta fund stjórnar fimmtudaginn 10. nóvember kl. 18 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB sleit fundi kl. 19:10.

Fundargerð ritaði:

Guðmundur Sigurðsson TF3GS

Ritari IRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 6 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 10. nóvember 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3GZ boðaði forföll vegna veikinda. Gestur á fundinum: Kristján Benediktsson TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 5. fundi; 6. október s.l.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

16.10.2022...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1; erindi með tilkynningu um tengilið ÍRA í samskiptum við svæði 1. Okkar tengiliður: SM6EAN (bls. 15).
19.10.2022...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis 1; erindi sent f.h. DF5JL, formanns – C4 HF nefndar – IARU Svæðis 1; fundargerð nefndarinnar (bls. 22-24).
25.10.2022...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; stöðuskýrsla um störf vinnuhóps [og undirhópa] um: "Shaping the Future of Amateur Radio".
26.10.2022...Erindi frá: LB7ZG, ritara NRRL með uppkasti að fundargerð NRAU fundarins sem haldinn var yfir netið 22.10.2022.
27.10.2022...Erindi frá: OP8L, stofnanda „Friends On The Air“ hópsins sem koma til Íslands 2023 og halda „Open Air HAM Fieldweek“. (bls. 14).
27.10.2022...Erindi til: OP8L, Stefaan boðinn velkominn og boðið að hafa samband þegar nær dregur og dagsetningar liggja fyrir.
31.10.2022...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis 1; tilkynning og fundarboð um 26. ráðstefnu IARU svæðisins í Zlatibor í Serbíu.
31.10.2022...Erindi frá: KJ6MEB (Elisabeth) þar sem hún tilkynnir um að hún muni vinna í POTA (Parks On The Air) verkefninu frá TF í nóvember.
31.10.2022...Erindi til: KJ6MEB. Elisabetu þakkað erindið, hún boðin velkominn og óskað góðs gengis hér á landi.
02.11.2022...Erindi frá: LB7ZG, ritara NRRL; leiðbeiningar um notkun "nrau.cloud" sem norrænu landsfélögin nota til að skiptast á tímaritum.
02.11.2022...Erindi til: LB7ZG, ritara NRRL með fundargerð NRAU fundarins sem haldinn var yfir netið 22.10.2022 (bls. 27-31).
03.11.2022...Erindi frá: Fjarskiptastofu; þar sem umsagnar ÍRA er óskað um umsókn TF4M um leyfi fyrir sjálfvirkum sendingum í WSPRnet kerfinu.
03.11.2022...Erindi til: Fjarskiptastofu; umsókn TF4M: „ÍRA gerir ekki athugasemd við rekstur á sjálfvirkum sendingum í WSPRnet kerfinu frá TF4M".
03.11.2022...Erindi frá: Þresti Inga Antonssyni þar sem hann óskar að gerast félagsmaður ÍRA (sendir jafnframt kvittun fyrir greiðslu árgjalds).
03.11.2022...Erindi til: Þrastar Inga og hann boðinn velkominn í félagið. Honum send (rafrænt) öll gögn ÍRA til nýrra félagsmanna.
05.11.2022...Erindi frá: MØWTD þar sem hann biður um kveðjur til félagsmanna; en hann kom við síðdegis í Skeljanesi laugardag 5. nóvember.
05.11.2022...Erindi til: MØWTD þar sem honum er þakkaður pósturinn með upplýsingum um opnunartíma félagsaðstöðu ÍRA á fimmtudögum.
Óktóber.....Erindi frá: Formanni til stjórnar: Nr. 100-7okt., 101-8okt., 102 og 103-10okt., 104-11okt., 105-13okt., 106 og 107-14okt., 108-16okt., 109-19okt., 110-21okt., 111-23okt., 112-25okt., 113-26okt. og 114-29okt. (alls 15 sendingar í október); (bls. 44-58).
Nóvember...Erindi frá: Formanni til stjórnar: Nr. 115-1nóv., 116-2nóv., 117-3nóv., 118-4nóv., 119-5nóv. og 120-6nóv. (alls 6 sendingar í nóvember); (bls. 59-64).

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs og innheimtu.
5. Flóamarkaður 2022 að hausti. Skýrsla formanns.
6. Loftnetamál TF3IRA; stöðuskýrsla.
 - a. Staða 4 el Yagi lofnetisins; endurnýjun á „skotti“.
 - b. Þöntun á loftneti, rótor og aukahlutum; staða mála.
 - c. Undirbúningur lofnetsturns; Georg Magnússon, TF2LL.
 - d. Önnur loftnetamál.
7. Vetrardagskrá félagsins í október til desember.
 - a. Gangur verkefnisins frá 6. október til dagsins í dag.
 - b. Félagssfundur 10. nóvember.
 - c. Jólakaffi/viðhafnarkaffi 15. desember n.k.
8. Virkni félagsstöðvarinnar út árið.
9. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní.
 - a. Skýrsla Kristján Benediktssonar, TF3KB IARU/NRAU tengiliðar ÍRA sem sat fundinn.
10. Árlegur fundur í NRAU var haldinn 22. október 2022; fjarfundur.
 - a. Skýrsla Kristjáns Benediktssonar, TF3KB IARU/NRAU tengiliðar ÍRA sem sat fundinn.
11. Ráðstefna IARU Svæðis 1 árið 2023.
 - a. 26. Ráðstefna IARU Svæðis 1 verður haldin 1.-4. nóvember 2023 í Zlatibor í Serbíu.
 - b. Ákvörðun um að senda fulltrúa félagsins á fundinn.
12. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.
13. Önnur mál.
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 5. fundi, þann 6. október 2022.

Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagsjóðs og innheimtu.

Staða félagsjóðs er 2.089.235 krónur. Greidd félagsgjöld eru 164 og 16 eru útistandandi.

5. Flóamarkaður 2022 að hausti. Skýrsla formanns.

Viðburðurinn gekk vel í alla stað og var mikil ánægja á meðal félagsmanna. Alls voru 38 hlutir á uppboði í eigu félagsins og seldust 33 þeirra. Söluvirði var alls 321.500 krónur. Þátttakendur á flóamarkaðnum voru alls 47, þar af 8 beintengdir yfir netið meðan á uppboði stóð.

6. Loftnetamál TF3IRA; stöðuskýrsla.

a. Staða 4 el Yagi loftnetsins; endurnýjun á „skotti“.

Formaður, TF3JB útskýrði að staða væri óbreytt hvað varðar stóra loftnetið frá því Benedikt Sveinsson, TF3T klippti út skemmdina. Georg Kulp, TF3GZ hefur útbúið nýtt skott og ætlar að leigja lyftu hjá BYKO til að fara upp í turninn og skipta út „skottinu“ þegar aðstæður leyfa.

b. Pöntun á loftneti, rótor og aukahlutum; staða mála.

Nýja OptiBeam loftnetið kom í hús í Skeljanesi 30. september og nýi rótorinn 10. nóvember. „Hard-line“ kapallinn verður keyptur innanlands, en stýrilínan var keypt frá rótarframleiðanda-num á Ítalíu.

c. Undirbúningur loftnetsturns; Georg Magnússon, TF2LL.

Georg tók turneiningarnar tvær ásamt nýja rótornum og flutti upp í Borgarfjörð 10. nóvember þar sem hann hefur góða verkstæðisaðstöðu og mun yfirfara einingarnar og „montera“ rótorinn í efri turneininguna ásamt topplegu.

d. Önnur loftnetamál.

Formaður, TF3JB ræddi um endafædda 80 metra loftnet félagsins og topp með spólu fyrir 80 metrana sem er tilbúinn fyrir Hustler 5-BTV loftnetið, en bæði þessi loftnet bíða uppendingar. Ákveðið að láta uppsetningu nýja turnsins með OptiBeam loftnetinu ganga fyrir.

7. Vetrardagskrá félagsins í október til desember.

a. Gangur verkefnisins frá 6. október til dagsins í dag.

Formaður, TF3JB skýrði frá gangi verkefnisins samkvæmt eftirfarandi:

- Dagskrá var formlega kynnt í 4. tbl. CQ TF sem kom út 2. október.
- Sérprentað blað með dagskránni var póstlagt til allra erindisflytjenda 6. október.
- Sérprentað blað með dagskránni [í lit] var til afhendingar í Skeljanesi fá 6. október.
- Vefslóð á dagskrána var sett inn á heimasíðu (opnunarsíðu) 11. október.
- Dagskráin var endurprentuð á 200 gr. A4 blað til dreifingar í Skeljanesi frá 7. október.
- Dagskráin var sérprentuð á 200 gr. A3 blað til uppsetningar í Skeljanesi frá 16. október.

Mikil ánægja er með dagskrána og vandaða viðburði. Stjórn félagsins þakkar fyrir.

b. Félagsfundur 10. nóvember.

Formaður, TF3JB verður með inngangserindi á félagsfundinum 10. nóvember; „Uppbygging TF3IRA í Skeljanesi“. Hugmyndin er að kynna loftnetafamkvæmdir framundan í félagsaðstöðunni og sýn stjórnar félagsins á loftnetabúnað stöðvarinnar eftir að ný loftnet verða komin í gagnið. Einnig er áformað að ræða búnað í fjarskiptaherberginu, þ.á.m. að mögulegt verði að senda út samtímis frá tveimur stöðvum á sama bandi (m.a. í keppnum) o.þ.h. Þá verður rætt um aðgang félagsmanna að búnaði stöðvarinnar yfir netið – sem við höfum reyndar byrjað að ræða á stjórnarfundum á starfsárinu og er til skoðunar.

c. Jólakaffi/viðhafnarkaffi 15. desember n.k.

Fram kom hjá formanni, TF3JB að fyrsta jólakaffi ÍRA var haldið 2012 og mættu þá 32 í Skeljanesi. Næst var efnt til viðburðarins 2018 og þá mættu 29 og 2019 mættu 32 í Skeljanesi. Viðburðurinn féll niður árin 2020 og 2021 vegna Covid-19 faraldursins. Samþykkt að stefna að því að halda viðburðinn fimmtudaginn 15. desember eins og kynnt hefur verið í vetraráætlun félagsins í CQ TF og víðar.

8. Virkni félagsstöðvarinnar út árið.

Kallmerki félagsins, TF3YOTA er aðallega notað í desember en mánuðurinn er svokallaður „YOTA mánuður“ hjá landsfélögum IARU Svæðis 1 (og víðar). ÍRA hefur tekið þátt í verkefninu frá upphafi (2018) en kallmerkið verður a.m.k. ekki sett í loftið að þessu sinni af Elínu Sigurðardóttur, TF2EQ ungmennafulltrúa félagsins þar sem hún verður ekki á landinu um þessi jól eins og venjulega.

Í athugun er, að Árna Freyr Rúnarsson, TF8RN aðstoðarverkefnisstjóri YOTA muni virkja TF3YOTA í hennar stað.

9. Millifundur IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22.-24. júní 2022; fjarfundur.

Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA var gestur fundarins og gaf greinagott yfirlit yfir millifund IARU Svæðis 1 í október s.l., en hann sat fundinn sem var fjarfundur yfir netið. Hann vísaði nánar í grein sína um fundinn í 4. tbl. CQ TF 2022, bls. 37-40.

10. Árlegur fundur í NRAU 22. október 2022; fjarfundur.

Fundur Nordisk Radio Amatør Union (NRAU) var haldinn 22. október. Líkt og á fyrra starfsári, var fundurinn haldinn yfir netið (vegna Covid-19 faraldursins). Á fundinum hittast fulltrúar systurfélaganna á Norðurlöndum og og ræða sameiginleg málefni.

Eftirfarandi tvö efni voru sett inn á málaskrá fundarins frá ÍRA: „*Moving the Vienna interim meetings permanently to Friedrichshafen?*“ og „*TF HAM Challenge 2022 proposal: Open for emerging radio amateurs, by their choice of study, to help defining where amateur radio is heading?*“. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu NRAU: <https://www.nrau.net/>

11. Ráðstefna IARU Svæðis 1 árið 2023.

a. 26. Ráðstefna IARU Svæðis 1 verður haldin 1.-4. nóvember 2023 í Zlatibor í Serbíu.
Gögn vegna fundarins voru lögð fram við upphaf fundar.

b. Ákvörðun um að senda fulltrúa félagsins á fundinn.

Samþykkt að ÍRA sækji um fjárstuðning til IARU svæðis 1 vegna ferðakostnaðar fyrir Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengilið sem verði fulltrúi félagsins í Serbíu.

12. Stuðningur félagssjóðs ÍRA við rekstraraðila viðtækja yfir netið.

Fram kom hjá ritara, TF3GS að sendir hafi verið tölvupóstar á fjarskiptafélöginn (á vegum rekstraraðila viðtækja yfir netið) til að óska eftir stuðningi við þetta verkefni. Erindin er í ferli hjá fyrirtækjunum og er beðið svara.

13. Önnur mál.

a. Tillaga varaformanns, TF2LL þess efnis að loftnetsefni við aðstöðu félagsins í Skeljanesi verði boði til gjafar en verði svo hent ef enginn vill þiggja.

Samþykkt samhljóða að loftnetsturnar félagsins sem ekki seldust á flóamarkaði félagsins 9. október s.l. og Fritzel loftnet varði gefið þeim félagsmönnum sem eftir því leita. Héðan í frá verði öllum gjöfum af þessu tagi til félagsins hafnað.

Eldri turninn hefur legið fyrir utan Skeljanes frá því í lok nóvember 2018 og sá nýrri frá því um miðjan júlí 2019. Fritzel netið var tekið niður á sama tíma og eldri turninn (í nóvember 2018).

b. Truflanir í Bláfjöllum sem koma inn á tíðnina 156.800 MHz.

Ritari, TF3GS upplýsti að Fjarskiptastofa hafi haft samband við hann og TF1A vegna truflana sem koma inn á tíðnina 158.800 MHz (Rás 16 á skipatíðni). Hins vegar bendi ekkert til að okkar búnaður í Bláfjöllum sé ástæðan.

c. Skipan ritstjóra CQ TF.

Skipan Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3A sem nýs ritstjóra CQ TF [a.m.k. fyrst um sinn] var samþykkt samhljóða.

13. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að halda næsta fund stjórnar fimmtudag 26. janúar 2023

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði

Guðmundur Sigurðsson TF3GS

Ritari IRA



Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2022/23

Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 18. janúar 2023 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórmandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi (10. nóvember 2022).

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

16.11.2022...*Erindi frá:* Ritara IARU Svæðis 1; boð um að taka þátt í vinnufundi yfir netið 3. desember um „Hamprojects“.
17.11.2022...*Erindi frá:* Ungmennafulltrúa IARU Svæðis 1 þar sem vakinn er athygli á desember sem YOTA mánuði.
17.11.2022...*Erindi til:* Erindið um YOTA mánuð framsent til TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA.
17.11.2022...*Erindi til:* Fjarskiptastofu þar sem sótt er um framlengingu á sérheimild til notkunar á 70 MHz tíðnisviði.
17.11.2022...*Erindi frá:* Fjarskiptastofu þar sem sótt er um framlengingu heimildar v. aukins tíðnisviðs og afsl í alþjóðlegum keppnum fyrir árið 2023.
18.11.2022...*Erindi til:* Fjarskiptastofu þar sem fyrri heimild er framlengd um 2 ár, til 31.12.2024.
18.11.2022...*Erindi frá:* Fjarskiptastofu þar sem fyrri heimild vegna aukins tíðnisviðs og afsl í alþjóðlegum keppnum er framlengt fyrir 2023.
22.11.2022...*Erindi frá:* Stebe, PA1VS. Fyrirspurn um viðurkenningarskjöl ÍRA.
22.11.2022...*Erindi til:* Erindið um viðurkenningarskjölin framsent til TF5B viðurkenningastjóra ÍRA.
27.11.2022...*Erindi frá:* Formanni IARU Svæðis 1 þar sem settar eru fram frekari upplýsingar um ráðstefnu svæðisins 2024 í Zlatibor.
14.12.2022...*Erindi frá:* Formanni VHF nefndar IARU Svæðis 1. Tilkynt um VUSHF fund 26.-28. maí í Ánnaboda í Svíþjóð. <https://vushf2023.se/>
23.12.2022...*Erindi frá:* Formanni IARU Svæðis 1. OD5RI tekur við IPDA verkefni af HB9FXU (*Information Programme for Disabled Radio Amateurs*).
26.12.2022...*Erindi frá:* Ervin, N1RVN, sonur KX4YS og fleiri úr fjölskyldunni heimsækja TF yfir jólin. Spyrja um 2 metra endurvarga.
26.12.2022...*Erindi til:* N1RVN. Hann boðinn velkominn til landsins og erindinu svarað, m.a. sendar upplýsingar um Skeljanes hef þeir hafa tíma.
27.12.2022...*Erindi frá:* Are, LB3SA. Hann áformar að heimsækja TF í júní 2023 og spyr m.a. um skilyrði á HF á milli Íslands og Noregs.
27.12.2022...*Erindi til:* LB3SA. Erindinu svarað og bent á að hafa loftnet meðferðis a.m.k. fyrir 40, 30, 20 metra. Hann verður með KX-1 QRP stöð.
27.12.2022...*Erindi frá:* Wayne, NØAD og XYL Heather; NØADN þar sem þau þakka góðar móttökur í Skeljanesi 1. desember s.l.
02.01.2023...*Erindi frá:* Marek, SP3MCO. Hann er fluttur til Íslands og langar til að fá íslenskt kallmerki.
02.01.2023...*Erindi til:* SP3MCO. Útskýrt fyrir Marek að hann geti sótt um íslenskt kallmerki eftir 3 mánaða dvöl á Íslandi.
04.01.2023...*Erindi frá:* Bert, N1MXO. Hann lendir í KEF 26. janúar, dvelur í 2 vikur og langar að koma í heimsókn í Skeljanes.
04.01.2023...*Erindi til:* N1MXO. Bert boðinn velkominn að heimsækja okkur í Skeljanes.
05.01.2023...*Erindi frá:* Franz, OE5FSM leitar upplýsinga vegna heimsóknar til TF í sumar vegna SOTA verkefnis.
05.01.2023...*Erindi til:* OE5FSM. Upplýsingar veittar og hann boðinn velkominn í heimsókn í Skeljanes. Hann boðinn velkominn í Skeljanes.
09.01.2023...*Erindi frá:* Ritara IARU Svæðis 1. SM6EAN hefur verið tilnefndur sem samskiptaðili gagnvart Norðurlandafélögunum, þ.á.m. ÍRA.
12.01.2023...*Erindi frá:* Einari Hrafn Jóhannssyni, 225 Álfanesi. Óskar skráningar á námskeið hjá félaginu.
12.01.2023...*Erindi til:* Einars Hrafn. Skýrt frá því að dagsetningar liggja ekki fyrir en haft verði samband. Venjuleg félagsgögn send.
Nóvember...*Erindi frá:* Formanni til stjómur: **Nr. 121 – 122 – 123 – 124 – 125 – 126 – 127 – 128 – 129 – 130 – 131** (alls 11 sendingar 10.-29. nóvember).
Desember...*Erindi frá:* Formanni til stjómur: **Nr. 132 – 133 – 134 – 135 – 136 – 137 – 138 – 139 – 140 – 141 – 142 – 143 – 144 – 145** (14 sendingar í des.).
Janúar...*Erindi frá:* Formanni til stjómur: **Nr. 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 – 7 – 8** (alls 8 sendingar 1.-16. janúar 2023).

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2022.

5. Aðalfundur 2023 (sunnudag 19. febrúar).

- Fundarstaður og veitingar.*
- Fundarboð aðalfundar, skv. 17. gr. félagslaga.*
- Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.*
- Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.*

6. Ársskýrsla fyrir starfsárið 2022/23.

7. Vetrardagskrá 2023 (2. mars - 11. maí).

8. Námskeið til amatörprófs (20. mars - 20. maí).

9. Flóamarkaður að vori 2023 (sunnudag 7. maí).

10. CQ TF (1. tbl. 2023 kemur út 22. janúar).

11. Loftnetamál TF3IRA (stöðuskýrsla).

12. Stuðningur félagssjóðs við rekstraraðila viðtækja yfir netið (framhaldsumræða).

13. Önnur mál.

- Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz v. þátttöku í alþjóðl. keppnum 2023 (17.11.2022).*
- Endurnýjun FST á sérheimild á 70 MHz fyrir almanaksárin 2023 og 2024 (17.11.2022).*
- Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2022/23; þakkarávarp formanns.*

14. Næsti fundur stjórnar.

15. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi 10. nóvember 2022.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2022.

Vinna við uppsetningu ársreiknings stendur yfir og verður hann tilbúinn til skoðunar innan 10 daga. Staða félagssjóðs er 1.823.702 krónur. Alls greiddu 165 félagsgjöld fyrir síðasta ár. Innheimta 15 ógreiddra félagsgjalda féll sjálfvirk niður um áramót í heimabanka.

5. Aðalfundur 2023 (sunnudag 19. febrúar).

a. Fundarstaður og veitingar.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að fundarsalur hafi verið pantaður og að við fáum sömu aðstöðu og í fyrra (2022). Framlögð tillaga um að veitt verði kaffi á fundinum var samþykkt.

b. Fundarboð aðalfundar, skv. 17. gr. félagslaga.

Í 17. gr. félagslaga segir m.a.: „Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag“.

Fram kom, að fundarboð verður birt í 1. tbl. CQ TF sem kemur út 22. janúar. Í viku 4/2023 verður birt formlegt fundarboð á heimasíðu og FB síðum. Sama dag verða sendir tölvupóstar á alla félagi sem eru með skráð netföng hjá félaginu. Aðrir fá sent fundarboð póstlagt sama dag.

c. Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.

Farið var yfir framlagða dagskrá aðalfundar samkvæmt 19. gr. Samþykkt að leita til TF3VS með fundarstjórn og TF3UA með fundarritun á aðalfundinum.

d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.

Stjórn félagsins bærust ekki tillögur til lagabreytinga þetta árið.

6. Ársskýrsla fyrir starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB lagði fram útprentað vinnuskjal að ársskýrslu ÍRA 2022/23. Skýrslan liggur fyrir að mestu leyti og verður alls 239 blaðsíður að stærð. Stjórnarmenn þökkðu formanni fyrir þetta mikla framlag. Samþykkt samhljóða að framleiða 40 eintök á kostnað félagssjóðs.

7. Vetrardagskrá 2023 (2. mars - 11. maí).

Undirbúningur að vetrardagskrá 2023 fyrir tímabilið 2. mars til 11. maí er hafinn. Byrjað er að ræða við áhugasama aðila. Tillaga að dagskránni verður lögð fram á 1. fundi nýrrar stjórnar eftir aðalfund 19. Febrúar n.k.

8. Námskeið til amatörprófs (20. mars - 20. maí).

Fjöldi fyrirspurna hafa borist um hvenær næsta námskeið félagsins til amatörprófs verði haldið. Formaður heldur utan um verkefnið og svarar fyrirspurnum. Með tilvísan til fyrri umfjöllunar, er til viðmiðunar að halda námskeiðið 20. mars til 20. maí n.k.

9. Flóamarkaður að vori 2023 (sunnudag 7. maí).

Flóamarkaður félagsins að hausti sem haldinn var 9. október síðastliðinn gekk með afbrigðum vel. Fjöldi fyrirspurnar hefur borist um næsta markað, en fyrir Covid-19 faraldurinn voru flóa-

markaðir yfirlétt haldnir tvisvar á ári, að vori og að haust. Til viðmiðunar er að halda flóamarkað að vori sunnudaginn 7. maí 2023.

10. CQ TF (1. tbl. 2023 22. janúar).

1. tbl. 2023 kemur út 22. janúar. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA nýr ritstjóri blaðsins gaf yfirlit um efni í blaðinu sem verður 56-60 blaðsíður. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS vinnur að uppsetningu þess. Nýja blaðið verður 20. tölublað CQ TF sem hann setur upp frá því hann kom til liðs við félagið á ný í apríl 2018, en hann annaðist umbrot 5 tölublaða CQ TF frá apríl 2012 til apríl 2013. Samþykktar voru þakkir til ritstjóra og umbrotsmanns fyrir góð störf.

11. Loftnetamál TF3IRA stöðuskýrsla.

Turneiningar, loftnet, rótor, loftnetkapall og stýriklapar er allt saman komið í Skeljanes. Eftir er að laga gamla loftnetið. Beðið er eftir hentugum tíma til að fá lyftu til útskiptingar á „kóaxskotti“. Önnur loftnet bíða, þ.á.m. endurnýjun 80 m spólu á Hustler 5-BTV stangarneti og uppsetning 80 m endafædds vírloftnets.

12. Stuðningur félagssjóðs við rekstraraðila viðtækja yfir netið (framhaldsumræða).

Málið rætt. Blikur eru á lofti hvað það áhrærir að finna styrktaraðila (aðra en félagssjóð ÍRA). Samþykkt að vísa málinu til nýrrar stjórnar.

13. Önnur mál.

a. Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz v. þátttöku í alþjóðl. keppnum 2023 (17.11.2022).
ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) 18. nóvember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2023. G-leyfishafar fá tímabundna heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W.

b. Endurnýjun FST á sérheimild á 70 MHz fyrir almanaksárin 2023 og 2024 (17.11.2022).
ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) 21. nóvember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz. Núverandi heimild sem framlengd var 7.12.2020 [til 2 ára] rennur út 31.12.2022. Heimildin hefur nú verið endurnýjuð til næstu 2 ára, þ.e. til 31.12.2024.

c. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2022/23; þakkarávarp formanns.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkyningu í málum sem varða félagið. Hann sagði m.a. að það væri erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn, sem hvorutveggja hafi verið virkir og áhugasamir. Hann sagðist vona af einlægni, að þeir sem nú ljúka sínu tímabili muni gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu.

d. Fyrirspurn um fjaraðgang.

Varaformaður, TF2LL sagðist hafa fengið fyrirspurn frá félagsmanna um hvenær fjaraðgangur að búnaði félagsstöðvarinnar yrði tilbúinn.

Í svörum formanns, TF3JB kom fram, að eins og fram hafi komið á félagsfundinum 10. nóvember s.l. sé stefnt að því að fjaraðgangur verði tilbúinn á næsta starfsári, 2023/24.

14. Næsti fundur stjórnar.

Dagsetning næsta fundar stjórnar (stjórnarskiptafundur) verður ákveðin eftir aðalfund.

15. Fundarslit.

Formaður sleit fundi 19:30 og stjórnarmenn klöppuðu og þökkuðu samstarfið.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson TF3GS
Ritari IRA